



Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1940 – 1970, 1. hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins – Bæklingar, skýrslur o.fl. 1940-1970
– Skýrsla til trúnaðarmanna 1957 um störf Alþingis og helstu mál þingsins

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-40, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sjálfstæðisflokkurinn

Skrifstofa Miðstjórnar

I.

Reykjavík

1940

FJÁRMÁLAYFIRLIT.

Á 11 ára tímabili frá 1927—1938 hafa rekstrar-
útgjöld ríkissjóðs hækkað um **8 milljónir** króna.

Sjálfstæðismenn hafa á undanförunum árum gagn-
rýnt þessa gífurlegu útgjaldaaukningu og þá miklu
eyðslu, sem henni hefir verið samfara.

Í sambandi við þessar staðreyndir verða menn
hins vegar að gera sér ljóst, að nú þegar Sjálfstæð-
ismenn eiga hlutdeild í ríkisstjórninni, er samt sem
áður, vegna eðli málsins, ekki hægt með réttu að
vænta þess, að þessi miklu útgjöld verði í einni
svipan færð stórvægilega niður. Liggja til þessa
tvær orsakir, sem menn verða að vera minnugir :

1) Sjálfstæðisflokkurinn fer ekki einn með stjórn
landsmálanna og fæst því að sjálfsögðu ekki um-
þokast meira en hægt er að ná samkomulagi við
hina stjórnarflokkana um.

2) Í öðru lagi stendur mikill hluti útgjaldaauk-
ningarinnar í beinu sambandi við þá breyttu stjórn-
arhætti, sem upp hafa verið teknir í stjórnartíð
framsóknarmanna og jafnaðarmanna, að auka sí-
fellt afskipti hins opinbera af högum og háttum
einstaklinganna, og útgjöldin þannig að miklu leyti
bundin við lög og kerfi hins meir og minna social-
istiska stjórnarfars síðustu ára. — Hvort að útgjöld
þessa eðlis séu að meira eða minna leyti **óþörf**, verð-
ur að sjálfsögðu eilíft deiluatríði í samsteypustjórn
manna, sem hafa gjörólíkar grundvallarskoðanir í
þessum efnum.

★

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi Eysteins Jónssonar
fyrir 1940, því síðasta, sem hann lagði fyrir þing-

ið, á fyrri hluta þess 1939, eru rekstrarútgjöld áætluð

16 763 678 krónur.

Fjárlögin fyrir árið 1940 voru síðan, á haustþinginu, afgreidd með áætluðum rekstrarútgjöldum

17 857 448 krónum.

Er samkvæmt þessum niðurstöðum um að ræða áætlaða útgjaldaþækkun, sem nemur um

1 milljón og 100 þús. krónum.

Hefir sumum þótt einkennilegt, að útgjöld ríkissjóðs skyldu þannig enn fara hækkandi, eftir að fjármálaráðherra er nú úr hópi sjálfstæðismanna og Sjálfstæðisflokkurinn að öðru leyti hefir hlutdeild um stjórn ríkisins.

Tvö atriði koma hér til athugunar:

1) Annars vegar er um að ræða útgjaldaupphæð úr fjárlaga-frumvarpi. Hins vegar er um að ræða útgjaldaupphæð úr fjárlögunum sjálfum. Eftir reynslunni er það undantekningarlaust, að fjárlaga-frumvörpin hækka alltaf eitthvað í meðferð þingsins.

Má hér benda á þær hækkanir, sem á fjárlagafrv. urðu í umræddu falli í meðferð þingsins, og ekki verða taldar til nokkurra sérstakra ófyrirsjáanlegra og óviðráðanlegra orsaka:

Til nýrra vega	kr. 92.000
Hafnargerðir, bryggjur o. fl.	— 103.000
Vextir, afb. af láni v/Esju	— 253.000
Sjúkrahús á Akureyri	— 15.000
Kirkja á Akureyri	— 30.000
Kennarabústaðir, Hvanneyri	— 8.000
Barnaskólabyggingar	— 20.000
Sundlaugar	— 18.000
Snorragarður í Reykholti	— 20.000
Ræktunarsjóður, vaxtatillag	— 26.500
Garnaveikin	— 160.000
Jarðakaupasjóður	— 65.000
Til sýningarinnar í New York	— 50.000
Laun ráðherra	— 20.000
Stjórnarráðið	— 25.430
Lögreglan í Reykjavík	— 30.000
Ýmsar skrifstofur o. fl.	— 25.460
Nýir liðir á 15. gr.	— 20.000
Skrifstofa húsameistara	— 10.000
Ýmislegt ótalið	— 117.700

Samtals kr. 1.109.090

Menn geta við fljóta skoðun sannfærzt um það, að þessi hækkun, sem hér átti sér stað í meðferð þingsins, hefði vafalaust orðið, úr hvaða flokki sem fjármálaráðherrann var.

Má því segja, ef ekkert annað hefði komið til, að með þeirri hækkun, sem varð á útgjaldaupphæð frumvarps Eysteins fyrir 1940, og að framan var vísað til, hefði í reyndinni hvorki meira né minna en haldist í horfinu, þegar sú upphæð er borin saman við niðurstöðutölu þeirra hækkana, sem hér síðast var vitnað í, og talið að átt hefðu sér stað, hvaða flokkur, sem hefði ráðið.

En þá er eftir að taka til greina annað atriðið, sem ráðgert var, að athuga þyrfti.

2) Frá því að Eysteinn Jónsson lagði sitt fjárlagafrumvarp fyrir þingið og þar til afgreiðslu fjárlaganna var lokið á þingi, skeðu tveir atburðir, sem báðir hafa hin víðtækustu áhrif á útgjöld ríkissjóðs til hækkunar, en eru jafnframt báðir óviðráðanlegir í því tilliti, sem hér um ræðir.

Annað er gengislækkunin. Hitt er ófriðarástand í norðurálfunni.

Af þessum orsökum samanlagt hækkuðu útgjöld ríkisins allt að 1 milljón króna.

Hækkanir vegna gengislækkunarinnar:

Vextir	kr. 315.860.00
Borðfé konungs	— 15.000.00
Utanríkismál	— 23.250.00
Burðargjald og símakostnaður	— 30.000.00
Sjúkrahúsin	— 217.500.00
Námsstyrkur stúdenta	— 7.300.00

Samtals kr. 608.910.00

Hækkanir vegna stríðsins:

Skömmtnunarskrifstofan	kr. 85.000.00
Rekstur vitanna	— 15.000.00
Viðskiptafulltrúi í Ameríku	— 75.000.00
Verðlagsnefnd	— 20.000.00

Samtals kr. 196.500.00

Samanlagðar hækkanir vegna gengislækkunar

og stríðs

kr. 805.410.00

Eins og dæmið hefir verið sett upp hér að framan verður þó hvorug þessara ástæðna til þess að hækka niðurstöðu rekstrarútgjalda ríkissjóðs þar sem þau voru nú á sama tíma skorin niður um tilsvarendi upphæð á öðrum liðum.

Niðurskurður rekstrarútgjalda á haustþinginu 1939:

Til landhelgisgæzlu	kr. 100.000.00
Til vegagerða v/ benzínskatts	— 29.500.00
Til strandferða ríkisskipa	— 125.000.00
Til Eimskipafélags Íslands	— 80.000.00

Til flugmála	—	20.000.00
Til verkfærakaupasjóðs	—	30.000.00
Til fiskiveiðasjóðs	—	30.000.00
Til byggingar- og landnámssjóðs	—	75.000.00
Lækkaður tollgæzlukostnaður	—	22.000.00
Ýmsir liðir	—	78.500.00

Samtals kr. 590.00.00

Auk þessa var lækkað tillagið til fiskimála-
sjóðs um

kr. 350.000.00

Samanlagt kr. 940.000.00

Í reyndinni er það því svo, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs eru raunverulega skorin niður um allt að 1 milljón króna á haustþinginu 1939 til þess að mæta þeim útgjaldahækkunum, sem stafa bæði af gengislækkuninni og dýrtíð vegna ófriðarins.

★

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1941, sem Jakob Möller lagði fyrir þingið, er farið varlegar en áður í að áætla tekjur ríkissjóðs og tekið tillit til tekjurýrnunar, sem erfiðir tímar neyða til þess að gera ráð fyrir.

Áætlaðar rekstrartekjur: kr. 17.778.173. (Tilsvandi upphæð á fjárlögum fyrir 1940 kr. 18.594.830.)

Áætluð rekstrarútgjöld: kr. 16.952.653. (Rekstrarútgjöldin á fjárlögum fyrir 1940 eru kr. 17.857.448 — svo að rekstrarútgjöldin voru af ráðherra áætluð um 1 milljón króna lægri heldur en útgjöld fjárlaga yfirstandandi árs.)

Fjármálaráðherra hefir verið ásakaður fyrir það af andstæðingunum, að niðurskurðartillögur hans á útgjöldunum gengu ekki jafnt yfir.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1941, eins og Jakob Möller lagði það fyrir þingið, er gert ráð fyrir, að tillög til landbúnaðarframkvæmda lækki um allt að kr. 900 þús.

Lækkuð framlög til landbúnaðarframkvæmda:

Til nýbýla og samvinnubyggða um 105 þús.kr. í 50 þús.kr.			
Jarðræktarstyrkur	— 380	— —	- 225 — —
Byggingar- og landnámssjóður	— 50	— —	- 75 — —
Endurbyggingarsjóður	— 50	— —	- 75 — —
Jarðakaupasjóður	— 65	— —	- — — —
Framlag v/ mæði- og garna- veiki	— 190	— —	- — — —
Fyrirhleðsla Þverár og Mark- arfljóts	— 50	— —	- — — —

Samtals um 890 þús.kr.

Um þessar niðurskurðartillögur segir J. M. svo í fjárlagaræðu sinni:

„Eg tók það strax fram, þegar eg lagði frumvarpið fram á ráðherrafundinum, að þær tillögur bæri fyrst og fremst að skoða sem ábendingu um þá möguleikai, sem ég sæi til þess að lækka útgjaldabálk fjárlaganna, svo að nokkru verulegu næmi og von gæti verið um, að fjárlögin yrðu afgreidd greiðsluhallalaust eða því sem næst.“

Ennfremur :

„Nú skal ég geta þess, að um allt þetta var rætt á síðasta þingi, nema e. t. v. lækkunina á fjárframlögum vegna sauðfjárpestanna. Það var rætt um þessa möguleika í fullri alvöru og með það fyrir augum, að e. t. v. yrði ekki hjá því komist, að hníga að þeim. Og það var fullkomlega „tekið í mál“ engu síður af fulltrúum sveitanna heldur en öðrum.“

Ennfremur benti ráðherrann á, í sambandi við þá ásökun, að niðurskurður á fjárveitingum gengi ekki jafnt yfir, en kæmi nær eingögnu á herðar landbúnaðarins, að í þessu sama fjárlagafrumvarpi og fjárlögum yfirstandandi árs væri ráðgerður t. d. niðurskurður á framlögum til sjávarútvegsins, sem næmi rúmri milljón króna.

Lækkuð framlög til sjávarútvegs mála :

a. Á fjárlögum 1940 :

Framlag til Fiskimálasjóðs	kr. 350.000.00
Til landhelgisgæzlu	— 100.000.00
Til samgangna á sjó	— 270.000.00
Til Fiskiveiðasjóðs	— 30.000.00

Samtals kr. 750.000.00

b. Á fjárlagafrumvarpi 1941 :

Eftirstöðvar framlags til Fiskim.sjóðs ..	kr. 100.000.00
Til nýrra vita	— 65.000.00
Til hafnargerða	— 58.000.00
Til bryggjugerða og lendingarbóta	— 54.000.00
Til undirbúnings friðunar Faxaflóa	— 40.000.00
Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndum .	— 10.000.00

Samtals kr. 327.000.00

Undir a-lið

Undir b-lið

Alls kr. 1.077.000.00

Tíminn þyrлаði samt upp miklu moldviðri út af þessum tillögum um niðurskurð til landbúnaðarframkvæmda og réðst á ráðherrann áður en hann hafði haldið fjárlagaræðu sína í þinginu og skýrt málavexti.

Jónas Jónsson ritaði þannig í Tímann:

„Það sem hér er um að ræða er hvorki meira né minna en **vel undirbúinn hernaður** móti sveitabændum landsins. — Það á að spara á ríkisfé á **bændastéttinni einni** og á málefnum hennar.“

Í þessu sambandi er ennfremur ástæða til þess að taka það fram, að **tillögur fjármálaráðherra til lækkunar framlögum til landbúnaðarframkvæmda miðudust yfirleitt við það, að það ástand, sem nú ríkir, væri þess eðlis, að það út af fyrir sig myndi gera þær landbúnaðarframkvæmdir, sem framlögin voru áætluð til, aðeins að litlu leyti famkvæmanlegar.**

Lítið myndi verða um nýrækt og nýbyggingar vergna áburðarskorts, skorts á byggingarefni og margvíslegs dýrleika vegna yfirstandandi dýrtíðar.

Og það er rétt að vekja athygli á því, að sama hugsun og vakað hefir fyrir ráðherranum kemur nákvæmlega eins fram hjá forsætisráðrerra í ræðu þeirri, sem hann hélt á árshátíð blaðanna í Reykjavík, aðeins segir hann þar í óbreyttum orðum það, sem fram kemur hjá fjármálaráðherranum í tölum í fjárlagafrumvarpinu.

Forsætisráðherra talaði meðal annars um „að nú, þegar við neyðumst til þess að nema að mestu staðar hvað aukna ræktun snertir“ (J. M. ráðgerði að lækka jarðræktarstyrkinn úr um 600 þús. kr. í 225 þús. kr. Að fella niður að $\frac{2}{3}$ myndi líklega með réttu talið minna en að fella eitthvað niður „að mestu“.) Hann talaði ennfremur um „**stöðvun þá, sem verður á nýbýlabyggingum**“ (J. M. ráðgerði að lækka framlag til nýbýla úr 150 þús. í 50 þús., þ e. um $\frac{2}{3}$ og myndu það enn í þessu sambandi teljast minna en „stöðvun“.)

*

Meðferð þingsins á fjárlagafrv. fyrir árið 1941 má telja með nokkuð sérstökum hætti.

Þingið hækkaði áætlaðar rekstrartekjur um 700 þús. kr. — úr 17.778.173 kr. upp í 18.478.173 kr. Hvort að rétt sé að vera í þessu efni bjartsýnni en fjármálaráðherrann, má víst auðveldlega um deila.

Rekstrarútgjöldin hækkuðu þá líka í meðferð þingsins um **liðuga milljón** króna, úr 16.952.653 kr. í 18.016.263 kr.

Rekstrarafgangurinn **lækkar** úr 825.520 kr. niður í 461.910 kr.

Greiðsluhallinn **hækkar** úr 169.953 kr. upp í 557.563 kr.

Þannig á litið virðist þingið hafa litið all verulega bjartari augum á ástandið en fjármálaráðherra,

eins og hann leggur frumvarpið fyrir þingið. En með því, sem nú hefir verið greint, er ekki nema hálf sögð saga.

Um leið og þær breytingar eru greðar á frv. fjármálaráðherra, sem að framan greinir, eru stjórninni aftur á móti veittar viðtækar heimildir til þess að draga úr hinum áætluðu útgjöldum, ef það sýndi sig, að útgjöldin yrðu ríkissjóði um megn við það, að tekjurnar brigðust.

Við þetta verða fjárlögin að sjálfsögðu miklu fremur sjónhverfing og óraunhæfari. En menn verða þá um leið að gera sér ljóst, að ef til vill er ekki ástæða til þess að fárast um þó að svo sé, þegar óvissan er jafn mikil og ástandið jafn hverfult og raun ber vitni um.

Og eins og fjárlögin eru nú afgreidd með þessum heimildum til stjórnarinnar til þess að lækka útgjöldin ef svo ber undir, náðist samkomulag milli flokkanna um afgreiðslu þeirra.

Lækkunarheimildirnar til handa stjórninni er að finna bæði í sjálfum fjárlögum og sérstökum lögum:

Í 22. gr. fjárl. segir svo: „Ríkisstjórninni er heimilt að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem eru ekki bundin í öðrum lögum en fjárlögum, eftir jöfnum hlutföllum allt að 35%, ef ríkisstjórnin telur sýnilegt, að áhrif styrjaldarinnar verði þess valdandi, að tekjur ríkissjóðs lækki verulega.“ (Samskonar heimild í fjárlögum yfirstandandi árs er bundin við 20%.)

Auk þess samþykkti þingið sérstök lög „um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fella niður eða lækka ýmsar greiðslur samkvæmt lögum“. Er þar ýmist farin sú leið, að ýmsar greiðslur samkvæmt lögum má fella niður um 35%, eins og greiðslu fjárlaganna, eða þá að heimilað er að fella þessar lögboðnu greiðslur niður um ákveðið mark.

*

Að endingu þykir ekki ástæðulaust að minna á það, að þær hækkanir sem þingið samþykkti á ýmsum framlögum til landbúnaðarframkvæmda frá því, sem áætlað var í fjárlagafrv., ullu yfirleitt engum flokkságreiningi, en voru samþykktar með atkvæðum allra flokka á grundvelli sameiginlegra og óskiptra tillagna fjárveitinganefndar. Í ljósi staðreyndanna verða því hinar ódregilegu og á sama tíma mjög svo smásálarlegu tilraunir Tímans til þess að gefa það í skyn að Sjálfstæðisflokkurinn hafi viljað níðast á landbúnaðinum með því að skera óréttilega niður framlög til landbúnaðarframkvæmda, en Tímamenn komið í veg fyrir þá goðgá, fullkomlega marklausar og einskis virði. Er óhætt

að segja, að Tíminn hafi í skrifum sínum hér að lútandi sýnt af sér þá mjög svo lítilsverðu eiginleika, ekki sízt þegar um samsteypustjórn flokkanna er að ræða, að ætla sér vísvitandi blekkingar málstað sínum til framdráttar.

Sjálfstæðisflokkurinn

Skrifstofa Miðstjórnar

2.

Reykjavík

1940

UTANRÍKISMÁL.

Í árslok 1939 fékk ríkisstjórnin grun um, að ef Danmörk drægist inn í stríðið, eins og þá var talin mikil hættu á vegna Finnlandsstýrjaldarinnar, þá myndi England telja nauðsynlegt að fá hernaðarbækistöðvar hér á landi. Þetta þóttu að vonum hin uggvænlegustu tíðindi, en fyrir allra hluta sakir urðu þau að fara mjög leynt, og gat stjórnin því eigi látið uppi um þau neina vitneskju. Sjálf lét hún þó þegar hefja athugun á því, til hverra ráða taka skyldi, ef sambandsþjóð vor flæktist í styrjöldina, og hver úrræði væru vænlegust til að firra sjálfa oss sömu örlögum.

Nokkur bið varð þó á því, að til þess drægi, sem óttast var, og dró því um skeið, eftir að Finnlandsstýrjöldinni lauk, lítilsháttar úr kvíða manna. Sú bjartsýni stóð þó ekki lengi, enda mun ríkisstjórninni sannast sagna alt frá áramótum hafa verið ljóst, að yfir landinu vofðu ömurlegri örlög en það nokkur tíma áður hafði þolað. Rétt er, að menn hafi þetta í huga, þegar þeir dæma um stjórnarstörf og þátttöku Sjálfstæðismanna í þeim. Meðan svo stóð, var, vegna framtíðarheillar og sjálfstæðis landsins, mjög varhugavert að magna flokkadeilur á ný og setja á oddinn mál, sem hlutu að leiða til allsherjar sundrungar með landsmönnum, þó að þau í eðli sínu væru sjálfsögð og fullkomið ranglæti að standa á móti þeim. En þetta hlaut einkum að há þeim í baráttunni, er breytingar vildu frá því ófremdarástandi, sem ríkt hefur. Sérstaklega átti þetta þó við um Sjálfstæðisflokkinn, sem einn allra flokka gerir kröfu til að vera flokkur allrar þjóð-

arinnar, og ber því á alvörutímum að sýna meiri ábyrgðartilfinningu en hinir yfirlýstu sérhagsmunaflokkar.

Aðfaranótt 9. apríl var Danmörk hertekin af Þýzkalandi. Þar með varð Íslendingum ómögulegt að ná til konungs síns. Á milli hans og þeirra voru herir tveggja öflugustu hernaðaraðila, sem sagan greinir. Konungi var því ókleift að fara með vald það, sem honum er fengið í stjórnarskránni. Alþingi lýsti því þess vegna yfir, samkvæmt tillögu ráðherranna, þegar aðfaranótt 10. apríl, að það fæli ráðuneyti Íslands að svo stöddu meðferð þessa valds.

Sömu ástæður leiddu til þess, að Danmörk gat ekki lengur rækt umboð til meðferðar utanríkis-mála Íslands samkvæmt 7. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, né landhelgisgæzlu samkvæmt 8. gr. téðra laga, og lýsti Alþingi því þess vegna yfir sömu nótt, einnig eftir tillögu ráðherranna, að Ísland tæki að svo stöddu meðferð mála þessara að öllu leyti í sínar hendur. Þar sem Íslendingar réttum lögum samkvæmt áttu ákvörðunarvald í öllum utanríkis-málum sínum, og þeir gátu eigi lengur náð til þeirra, sem með umboðið fóru, var þessi ákvörðun alveg óhjákvæmileg. Þá var heldur eigi hægt að láta varðskip, sem tilheyrði her, er kominn var undir stjórn annars ófriðaraðilans, halda áfram að gæta íslenzkrar landhelgi, jafnvel þó að til varðskipsins danska hefði náðst, sem ekki var.

Tvímælalaust er, að þessar ákvarðanir voru nauðsynlegar, og þá ekki síður, að þær voru heimilar, bæði skv. íslenzkum stjórnskipunarrétti og alþjóðalögum. Bæði konungur og dönsk stjórnarvöld hafa eftir á viðurkennt, að hér hafi verið rétt að farið, en frá þessum aðilum hefði helzt verið mótmæla að vænta. Þá hafa og a. m. k. 2 stórveldi: Bretland og Bandaríki Norður-Ameríku viðurkennt hina nýju réttarstöðu landsins. Um afstöðu sumra annara stórvelda er því miður öllu meiri óvissa, en mótmæli hafa hvergi komið fram. Að svo skjótt og vel var við brugðið, eins og raun ber vitni um, er að þakka fyrirhyggju ríkisstjórnarinnar, og er meira en vafasamt, að svo vel hefði til tekist, ef eigi hefði ríkt sæmilegur friður innanlands.

Í ákvörðununum 10. apríl var farið svo varlega, sem ástæður frekast leyfðu. Má vel vera, að unnt hefði verið að ganga enn lengra þegar í stað, eða nær strax, en gert var. Gegn því má þó benda á ýmsar veigamiklar ástæður, sem ekki er hægt að rekja allar hér. Einungis skal á það dregið, að í vopnleysi Íslendinga er hin eina vörn sú, að ganga hvergi á rétt annarra og styðja allar gerðir sínar við ströngustu réttarákvæði.

Hversu mikilsvert er að fylgja þessari reglu, fékk ríkisstjórnin enn eina sönnun fyrir á meðan hún var til fullnustu að láta ganga frá tillögum um framangreindar yfirlýsingar. Því að einmitt síðari hluta dags 9. apríl barst henni bréf frá brezkum stjórnarvöldum, þar sem sagt er, að brezka stjórnin óttist, að með tilliti til þýzku innrásarinnar í Noreg og hertöku Danmerkur sé aðstaða Íslands orðin mjög viðsjárverð. Segir síðan orðrétt: „Hinsvegar hefir brezka stjórnin ákveðið að hindra það, að Ísland hljóti sömu örlög og Danmörk og mun gera hverja þá ráðstöfun, sem nauðsynleg er til þess. Slik ráðstöfun kann að útheimta það, að brezku ríkisstjórninni verði veittar vissar tilslakanir á sjálfu Íslandi. Brezka stjórnin gerir ráð fyrir, að íslenska ríkisstjórnin muni í eigin þágu veita slíkar tilslakanir jafnskjótt og brezka ríkisstjórnin kann að þarfnast þeirra, og að hún muni yfir höfuð ljá samvinnu sína við brezku ríkisstjórnina sem hernaðaraðili og bandamaður.“

Með þessu virtist að því komið, sem óttast hafði verið. Er ekki ástæða til að draga dul á það, að bréf þetta ýtti mjög undir menn að hraða afgreiðslu þingsályktunartillagnanna um meðferð konungsvaldsins og utanríkismála ásamt landhelgisgæzlu. Töldu menn, að með þeim aðgerðum væri bægt frá þeirri hættu, sem yfirvofandi var, að landið yrði hernúmið vegna sambands síns við Danmörku, þó að sú hætta, sem stafaði af því, að landið sjálf væri talið hafa hernaðarlega þýðingu, héldist vitanlega.

Öll þessi mál voru rædd á mörgum fundum þingmanna og flokka 9. apríl og næstu dægur. Gerði það óhjákvæmilega nokkuð erfiðara fyrir um afgreiðslu, að á þingi voru 3 fulltrúar, sem frekar verður að telja erindreka erlends stórveldis, þ. e. Rússlands, en íslenskra hagsmuna. Var því eigi unnt að kveðja þá til ráða um þau atvik, sem að svo stöddu varð að fara dult með. Vonandi sjá kjósendur um það við næstu alþingiskosningar, að slíkum mönnum verði með öllu útrýmt af alþingi, svo að eigi verði framar hættulegt fyrir land og lýð, að láta þingið í heild fylgjast með hinum mikilsverðustu atburðum.

Niðurstaðan af íhugunum þeim, sem áttu sér stað 9. apríl og næstu dægur, var, auk samþykktanna 10. apríl, fyrst og fremst bréf ríkisstjórnarinnar frá 11. apríl. Þar er lögð áherzla á vináttu Breta og Íslendinga. En um orðsendingu Breta frá 9. apríl segir svo:

„Aðstaða Íslands er hinsvegar sú, að þegar sjálfstæði Íslands var viðurkennt 1918, lýsti það yfir ævarandi hlutleysi og er auk þess vopnlaust. Ísland vill því hvorki né getur tekið þátt í hernaðarlegum

aðgerðum, eða gert bandalag við nokkurn hernaðar-
aðila.

Þó að íslenzku ríkisstjórninni dyljist ekki, að ís-
lenzka þjóðin er þess ekki megnug að verja hlut-
leysi sitt, vill hún taka það skýrt fram, að hún
mun mótmæla hverskonar aðgerðum annara ríkja,
sem í kynni að felast brot á þessari yfirlýstu stefnu.
Ríkisstjórnin lætur í ljós þá einlægu von, að með
því að fylgja reglum ítrasta hlutleysis, verði kom-
ist hjá allri hættu um skerðingu á því.“

Stefna sú, sem í þessari orðsendingu íslenzku rík-
isstjórnarinnar kom fram, er ótvírætt mörkuð af
allri aðstöðu og sögu íslenzku þjóðarinnar. Og því
síður gat til mála komið að víkja frá henni, þar
sem báðir ófriðar-aðilarnir, Englendingar og Þjóð-
verjar, ætíð hafa, hvor að sínu leyti, sýnt Íslend-
ingum fulla vinsemd, og íslenzka þjóðin í heild á
ekki annars en góðs að minnast frá skiptum sínum
við báðar þessar þjóðir. En ólíkar skoðanir og
persónuleg samúð einstakra manna með öðrum
hvorum ófriðaraðilanum geta að sjálfsgöðu engu
breytt um þessa afstöðu þjóðarinnar.

Næstu daga eftir 9. apríl voru menn mjög uggandi
um, að brezkur herafli yrði þá og þegar settur hér
á land. Úr þessu varð þó eigi þegar í stað, en vitað
var, m. a. vegna yfirlýsingar Churchill's í þá átt
í neðri málstofu brezka þingsins, að brezkir stjórn-
málamenn voru að íhuga afstöðu Íslands. Full
ástæða er til að ætla, að þeir muni hafa haft um það
samráð við Bandaríkjamenn, og þeir atburðir, sem
síðar gerðust hafi a. m. k. verið með vitund þeirra.

Aðfaranótt 10. maí var brezkur herafli settur
á land í Reykjavík. Sama dag gekk svo hinn ný-
skipaði sendiherra Bretlands fyrir íslenzku rík-
isstjórnina og fullvissaði hana um, að hinn brezki
herafli yrði hér ekki stundinni lengur en stríðsnauð-
syn krefði, enda myndu Bretar á engan hátt hafa
afskipti af stjórn landsins.

Síðar sama dag afhenti íslenzka ríkisstjórnin
sendiherranum mótmæli, og segir þar m. a.:

„Út af atburðum þeim, sem gerðust snemma í
morgun, hernámi Reykjavíkur, er hlutleysi Íslands
var freklega brotið og sjálfstæði þess skert, verður
íslenzka ríkisstjórnin að vísa til þess, að þann 11.
apríl s.l. tilkynnti hún bresku ríkisstjórninni form-
lega — — — afstöðu íslenzku ríkisstjórnarinnar til
tillögu hennar um að veita Íslandi hernaðarvernd,
og samkvæmt því mótmælir íslenzka ríkisstjórnin
kröftuglega ofbeldi því, sem hinn brezki herafli
hefir framið.

Þess er að sjálfsgöðu vænst, að bætt verði að
fullu tjón og skaði, sem leiðir af þessu broti á lög-

legum réttindum Íslands sem frjálss og fullvalda hlutlauss ríkis.“

Hinn 16. maí svarar brezki sendiherrann mót-mælum íslenzku stjórnarinnar. Segir þar m. a., að brezka ríkisstjórnin hafi séð sig knúða til, með hagsmuni Íslendinga sjálfra fyrir augum, að koma í veg fyrir þann möguleika, að Þjóðverjar hertækju Ísland. Loks vill brezka stjórnin „einnig taka það fram, að það er fastur ásetningur hennar að kalla þennan her heim, þegar er yfirstandandi ófriði lýkur, og að hún hefir engan ásetning eða ósk um að skifta sér af núverandi stjórn landsins.“

Íslendingum er það að sjálfsögðu ljóst, að Bretar hafa hernumið landið vegna þess, að þeir hafa talið sér sjálfum það nauðsynlegt. En hitt er heldur engin ástæða til að efast um, að af heilum hug sé mælt, þegar þeir lofa að kalla her sinn heim strax og yfirstandandi ófriði lýkur. Á hernámið verðum við því að líta sem bráðabirgðaástand, sem Íslendingar hvorki eiga né mega láta hafa nokkur áhrif á vilja sinn til fulls sjálfstæðis í framtíð né til algers hlutleysis í styrjöldinni. Íslendingar gátu eigi við hernáminu gert og þýðir því ekki að hafa um það mörg orð eða um það að sakast, en því ber að taka með festu og stillingu og eftir föngum að draga úr skaðsamlegum afleiðingum þess.

Atburðir þeir, sem gerzt hafa, sýna, að Íslendingar sjálfir ráða ekki nema tiltölulega litlu um framtíð sína. En hitt hefur þó komið ennþá berar fram, að hjálpar frá öðrum er ekki að vænta, og að Íslandi er, þegar í harðbakkann slær, engin stoð að sambandi sínu við annað ríki. Viljinn til algers sjálfstæðis og ævarandi hlutleysis má því eigi dofna, því að á honum hefir aldrei verið meiri þörf en nú.

Sjálfstæðisflokkurinn

Skrifstofa Miðstjórnar

4.

Reykjavík

1941

ÞINGMÁLAYFIRLIT o. fl.

(Febrúar—Marz.)

FJÁRMÁL:

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1942 var lagt fram í þinginu fyrir síðustu mánaðamót, en fjármálaráðherra fylgdi því úr hlaði með ræðu þann 6. marz.

Fjárlagafrv. og fjárhagsafkoman síðastliðið ár ber glögg merki hins breytta viðhorfs og áhrifa styrjaldarinnar. Fjárhagsafkoman 1940 ber þess órækan vott, hversu erfitt er á yfirstandandi tímum að áætla með nokkurri vissu fram í tímann.

Um þetta fórust fjármálaráðherra orð á þessa leið:

„En afkoma ríkissjóðs varð þá líka allt önnur á árinu 1940, en gert var ráð fyrir í fjárlögum, og í rauninni þannig, að segja má nærri því, að ekki standi steinn yfir steini í þeim áætlunum, sem gerðar voru um tekjur og gjöld ríkissjóðs á því ári.“

Eftir upplýsingum fjármálaráðherra, samkv. bráðabirgðayfirliti, sem ríkisbókhaldið hefir gert, yfir tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1940, hafa rekstrarútgjöldin orðið:

21.615.000 krónur,

en voru áætluð í fjárlögum

17.857.000 krónur.

Rekstrarútgjöldin í heild hafa þannig farið fram úr áætlun um

3.758.000 krónur.

Tekjur ríkissjóðs hafa aftur á móti orðið

26.490.000 krónur,

en voru áætlaðar í fjárlögum

18.594.000 krónur.

Tekjurnar hafa því farið fram úr áætlun um

7.896.000 krónur.

Tekjuafgangur á rekstrarreikningi hefir því orðið

4.875.000 krónur,

en var áætlaður í fjárlögum

737.000 krónur.

*

Aðal aukning gjaldanna stafar af auknum kosntaði við embættisrekstur og kennslumál, vegamál og verkleg fyrirtæki og ýmiskonar aukinn kostnað á lögbundnum greiðslum.

Aðalaukning teknanna er einkum á 6 tekjuliðum skatta og tolla og hagnaði ríkisfyrirtækja.

Tekju- og eignaskattur	581	þús.	umfram	áætlun
Útflutningsgjald	765	—	—	—
Vörumagnstollur	1.502	—	—	—
Verðtollur	2.280	—	—	—
Áfengisverzlun	953	—	—	—
Tóbaksverzlun	758	—	—	—
	6.839	—	—	—
	*	*	*	

Skuldir ríkissjóðs hafa verið lækkaðar um
1 milljón 498 þús. krónur.

Í sjóðsyfirliti ríkisbókhaldsins f. árið 1940 er skuldalækkun talin 3.512 þús. kr., en samkvæmt upplýsingum fjármálaráðherra „stafar þetta misræmi af því, að gengisbreytingar á erlendum skuldum koma ekki fram á sjóðsyfirliti og ný lán hafa verið stofnuð, sem ekki koma fram á sjóðsreikningi.“

Sjóðseign hefir aukizt um

1 milljón 584 þús. kr. á árinu.

Skuldalækkun og sjóðsaukning samanlagt:

3 milljónir 82 þús. krónur.

Að öðru leyti kemur tekjuafgangurinn fram í margskonar eignaukningu.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir 1942, eins og það kemur frá hendi ráðherrans, eru **rekstrarútgjöldin** áætluð

21.088.144 krónur,

en **rekstrartekjurnar** áætlaðar

. 22.584.411 krónur.

Áætlaður rekstarafgangur:

1.496.267 krónur.

Rekstarútgjöldin eru þannig áætluð mjög svipað því og þau voru árið 1940, en tekjurnar áætlaðar 4 millj. kr. lægri en þær reyndust 1940.

Ber þetta vott þess, að ráðherrann hefir í áætlunum sínum gætt allrar **varúðar**, enda jafnframt látið haldast heimildina til ríkisstjórnarinnar í 22. gr., um að mega lækka ólögboðin gjöld ríkissjóðs um 35%, ef þörf krefði.

Má líka með sanni segja, að allt sé í mestu óvissu um afkomu ársins 1942, og því full þörf að sýna fyllstu varúð, eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. —

VERÐLAGSUPPBÓT:

Það hefir nú verið lagt fram í þinginu, af hálfu ríkisstjórnarinnar, frv. til laga um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Samkvæmt þessu frv. skal verðlagsuppbótin nema **fullri hækkun** dýrtíðarinnar, samkvæmt útreikningi hagstofunnar, en fram að þessu hefir dýrtíðin aðeins verið bætt að nokkru leyti.

Í frv. er ákv., að uppbótin greiðist þó ekki af hærri launum en 650 kr. á mánuði, og er það óbreytt frá því, sem áður var.

Í greinargerð frumvarpsins segir:

„Það hefir orðið samkomulag milli stuðningsflokka stjórnarinnar, að ríkisstjórnin legði fyrir Alþingi frumvarp þetta, sem ákveður embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins jafn háa verðlagsuppbót á laun sín, sem yfirleitt er greidd nú á kaup.

Helztu breytingar frá fyrri lögum um þetta efni eru, auk hækkunar verðlagsuppbótarinnar, þær, að fallið hefir niður flokkaskipting starfsmanna eftir launakjörum, og að gert er ráð fyrir, að verðlagsuppbótin verði reiknuð mánaðarlega.“ —

Eftir að þetta mál liggur nú svo skýrt fyrir, væri ekki úr vegi að rifja upp og minnst afstöðu og framkomu ýmsra Framsóknarmanna síðastliðið ár, í sambandi við margvíslegar blekkingar um afstöðu flokkanna til málsins. Því var ekki óviða haldið að bændunum, að það væri Sjálfstæðisflokkurinn sérstaklega, sem berðist fyrir þessum bættu kjörum launamannanna. Málið var alltaf óflokkspólitískt, en tilgangurinn með málflutningi hinna ýmsu Framsóknarmanna jafn auðsær og blekkingarnar.

Málið þarf nú ekki frammar vitnanna við.

ÞJÓÐFÁNINN:

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefir verið lagt fram frv. til laga um þjóðfána Íslendinga.

Í frumvarpinu er núverandi gerð fánans staðfest, en auk þess sett ýms fyrirmæli varðandi notkun fánans.

Fyrri ákvæði um gerð fánans eru í þrem konungsúrskurðum: nr. 41 frá 30. nóv. 1918, nr. 1 frá 12. febr. 1919 og nr. 30 frá 13. jan. 1938.

Jafnframt hefir nú komið til orða að setja ákvæðin um gerð fánans inn í stjórnarskrána, þegar hentugt þykir.

Eru væntanlega hér með kveðnar niður fram komnar tillögur um breytingu á gerð þjóðfánans, enda tilefnislausar og fullkomlega óþarfar.

RAFORKUMÁL:

Fyrir þingi liggja nú tvö frv. um raforkumál. Annað nefnist frv. til laga um **raforkuveitusjóð**, flutt af Péttri Ottesen, en hitt frv. til laga um **rafveitulánasjóð**, flutt af nokkrum Framsóknar-þingmönnum.

Í fyrra lágu einnig fyrir þinginu tvö frv. um raforkumál, sem hnigu að því að stofna sjóð, er hefði það markmið að veita lán til þess að gera orkuver og rafveitur í héruðum landsins. Fluttu Sjálfstæðismenn annað en Framsóknarmenn hitt. Aðallega greindi á um leiðir til fjáröflunar fyrir sjóðinn.

Gerðu Sjálfstæðismenn upphaflega ráð fyrir að eins beinu framlagi úr ríkissjóði, 50 þús. kr. á ári á næstu 10 árum. Síðar var, að tillögu Péturs Ottesen, tekin upp sú breyting, að skattleggja jafnframt rafveitufyrirtæki, sem fyrir voru í landinu, með lágum skatti fyrst, en stighækkandi, eftir því sem afkoma fyrirtækisins að eðlilegum hætti batnaði.

Framsóknarmenn gerðu hinsvegar ráð fyrir, að sjóðurinn yrði þannig uppbyggður, að nokkuð fé yrði veitt í fjárlögum í þessu skyni, en auk þess yrði lagður skattur á skuldir þeirra rafveitufyrirtækja, sem njóta ríkislána eða ríkisábyrgðar fyrir lánunum.

Sjálfstæðismenn litu svo á, að hin ráðgerða aðferð Framsóknarþm. til tekjuöflunar sjóðnum væri óheppileg og óhagkvæm. Gagnvart skattgreiddunum kom þetta þannig út, að skatturinn kom þyngst niður á fyrirtækjunum meðan þunginn af lánunum var mestur og aðstaða þeirra var efidust. En gagnvart sjóðnum var það svo, að þegar búid var að greiða lánin, þá féll skatturinn niður og sjóðurinn missti af tekjunum fyrir fullt og allt.

Frumvarp Péturs Ottesen nú, er í meginatriðum í samræmi við frv. Sjálfstæðismanna frá í fyrra með breytingartillögu hans sjálfs. Ákvæðið um framlag ríkissjóðs er þó hækkað um helming, upp í 100 þús. krónur.

Ekki er ætlast til að raforkuveitur með véla-samstæðu, sem hafa minna afl en 150 kw, greiði nokkurn skatt til sjóðsins.

Fr. það, sem Framsóknarmenn flytja nú, er breytt frá því í fyrra, til meira samræmis við tillögur Sjálfstæðismanna.

Ætti að mega vænta þess, að þetta mikla velferðarmál héraðanna fái nú greiðari úrlausn en áður, en á þessu stigi málsins er ekki ástæða til að reifa það frekar. Síðar verður nánar skýrt frá afdrifum og gangi málsins.

BÆNDASKÓLI:

Eiríkur Einarsson ber fram frv. til laga um breytingu á gildandi lögum um bændaskóla, og er meginefni það, að stofnaður verði þriðji bændaskólinn í landinu, á **Suðurlandsundirlendi**.

Segir um þetta í greinargerð frv. m. a.:

„Eigi bændaskóli að njóta sín, þarf kennslan að vera góð, skólajörðin stór og fjölbreytt, svo að aldrei skorti verkefni, og skólinn þarf ennfremur að vera þannig í sveit settur, að menningaráhrifa hans gæti sem bezt og á meðal margra. En til þess að svo megi verða, á hann að vera í miklu byggðarlagi og liggja þannig við þjóðvegum, að greitt sé til heimsóknna, laðandi og örvandi til manndóms og nýtsamra verka. Án slíkra áhrifa svarar bændaskóli ekki tilgangi sínum.

Þegar á þetta er litið, hefir nú nokkur skipun komið á, er lögfestur hefir verið bændaskóli nálægt miðbiki Norðurlands, að Hólum í Hjaltadal, og annar í hinu blómlega Borgarfjarðarhéraði, að Hvanneyri. En mikið skortir þó á, meðan Suðurland er sett hjá. Er of mikið umburðarlyndi að una því, og leiðrétting þess málefnis er slíkt sanngirniss- og nauðsynjamál, að treysta verður því, að sú leiðrétting fái stöðugt með samþykkt frumvarps þessa.“ —

KIRKJUMÁL:

Magnús Jónsson ber fram 3 frv. um kirkjumál.

1. er um kirkjuþing íslensku þjóðkirkjunnar.

Skal halda það annað hvert ár í síðara hluta júnímánaðar í Reykjavík og sitji það hálfan mánuð nema ráðherra framlengi.

Kirkjuþingsmenn eru kjörnir 15, einn af guðfræðideild og 14 í 7 kjördæmum. Kjördæmin eru: 1. Reykjavík og Kjalarnesprófastsd., 2. Mýra- til Dalaprófastsd., 3. Vestfirðir, 4. Húnav.- og Skagafj.-prófastsd., 5. Eyjafjarðar—Norður-Þingeyjarprófastsd., 6. Norður-Múla—A.-Skaptafellsprófastsd. og 7 Vestur-Skaftaf.—Arnesprófastsdæmi.

Í hverju kjördæmi er kosinn einn prestur, kosinn af prestunum, og einn leikmaður, sem sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltúar kjósa úr sínum hóp, Biskup á og sæti á kirkjuþingi og er forseti þess, ennfremur kirkjuráðsmenn.

Kirkjuþingið getur fjallað um öll kirkjumál, innri og ytri, og hefir ráðgefandi vald um þau.

2. er um biskupa þjóðkirkjunnar.

Biskupar skulu vera 2. Heitir annar Skálholtsbiskup og situr í Reykjavík en hinn Hólabiskup og situr á Akureyri. Skálholtsbiskupsdæmi er Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungur, en Hólabiskupsdæmi er Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungur. Báðir eru kosnir af búendum biskupsdæmisins.

3. er um kosningu presta.

Éru aðalbreytingarnar 2: Að reyna skuli að kalla prest áður en embættinu er slegið upp. Kallar pró-

fastur sóknarnefndir saman, og komi þeir sér saman um að kalla ákveðinn prest skal bera það undir safnaðarfund. Verði tillagan þar samþykkt fær presturinn veitingu.

Náist ekki köllun er kosið, og skal þá kosning gilda þannig, að sá sem flest fær atkvæðin, fær veitingu án tillits til kjörsóknar eða atkvæðamagns, eins og t. d. við Alþingiskosningar.

BÚNAÐARÞINGIÐ:

Búnaðarþingið hefir nú lokið störfum, eftir sex vikna setu.

Þingið tók fjölmörg landbúnaðarmálefni til meðferðar og afgreiddi alls 72 mál.

Meðal annars voru gerðar breytingar á lögum Búnaðarfélags Íslands. Við kosningar til Búnaðarþings er landinu nú skipt í **10 kjördæmi** og ákveðin tala búnaðarþingsmanna fyrir hvert kjördæmi, frá tveim til fimm í kjördæmi, og **hlutfallskosningar í hverju kjördæmi**. Er hér vissulega um að ræða eftirtektarverða kjördæmaskipun og kosningalöggjöf til Búnaðarþings.

Samþykkt var að leggja til, að gerðar yrðu breytingar á jarðræktarlögunum um hækkun jarðabótastyrks, þó sérstaklega til framræslu og votheystóptagjörða. Lagt til að styrkhámarkið til hveðrar jarðar hækkaði í 7500 kr. Ennfremur samþykkt, að sú breyting kæmi fram, að jarðræktarstyrkurinn yrði greiddur með verðlagsuppbót.

Tillögur komu fram frá millipinganefnd, að fella niður 17. gr. jarðræktarlaganna og taka upp í staðinn sölugjald af jörðum. En Framsóknarmenn létu tillöguna um sölugjaldið daga uppi, eftir að í hana hafði verið skotið ýmsum ákvæðum til skemmda, og felldu tillögu um það, að 17. gr. jarðræktarlaganna yrði felld niður. Viðurkenndu þeir þó, í umræðum um málið, að reynslan hefði sannað, að hún kæmi ekki að gagni og gæti því ekki staðið til frambúðar.

Búnaðarþingið lagði til, að styrkur til endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum væri hækkaður um helming og framlag ríkissjóðs meira en tvöfaldað. Einnig var lagt til, að framlag til nýbýla yrði stóraukið.

Samþykkt var athyglisverð tillaga frá Sveini á Egilsstöðum þess efnis, að hafizt yrði handa um það, að slétta allt túnaþýfi á næstu 10 árum. Nánara fyrirkomulag og möguleg framkvæmdaatriði ekki ákveðin, en um mjög eftirtektarverða stefnu að ræða.

Má vænta, að fyrir Alþingi komi nú mörg málefni Búnaðarfélagsins, en hér er ekki tómt til þess að rekja hin einstöku mál Búnaðarþingsins frekar.

SKATTAMÁLIN:

Að undanfögnu hefir verið leitað samkomulags í skattamálunum innan þingsins.

Sennilegt er, að samkomulag takizt.

Menn virðast nú nokkuð sammála um, að það muni vera óheppilegt eins og sakir standa, tímarnir óeðlilegir og óvissa á öllum sviðum, að hugsa til stórkostlegra breytinga, sem ættu þá að gilda til einhverrar frambúðar.

Virðist mega búast við lækkun á almenna skalanum, sem nú gildir, þannig að skattstiginn yrði nú sem næst skattstiganum frá 1935, en síðan hefir tekju- og eignaskattur verið innheimtur með talsverðum viðaukum og hækkunum.

Allt virðist benda til þess, að samkomulag verði, varðandi skattgreiðslu útgerðarinnar, á þeim grundvelli, sem haldið hefir verið fram af Sjálfstæðismönnum, og oft komið fram af hálu formanns flokksins, Ólafs Thors. Var í síðasta yfirliti bent á stefnu þá, sem hann markaði í útvarperindi sínu um atvinnumálin í febrúar mánuði. Skal enn á það bent hér:

„Meginstefnan er þessi:

Útgerðin verður að fá að létta af sér skuldum. Margir eru búnir að því eða langt komnir. Hún verður að fá að safna varasjóðum til endurnýjunar á framleiðslutækjunum. Sumir eru þegar vel á vegi með það. Og loks verður hún að fá að safna í sarpinn til þess að forðast hrum, þegar verðfallið hefst, því þá lækka afurðirnar miklu fyrr en kaupgjald og ýmiss annarr tilkostnaður.

Eftir það nýtur hún sama réttar og aðrir þegnar. En þeir verða að missa sem eiga, og þeir að gjalda mest, sem af mestu hafa að taka“. . . . „Er nú vissa fyrir, að af arði ársins 1941 verður tekið eftir því sem talið verður að þöri þjóðarinnar krefjist, en sennilegt að samkomulag náist innan stjórnarflokkanna um skattlagningu arðsins 1940.“

Þetta er þeim mun athyglisverðara, sem nákvæmlega sama stefna kemur fram í ræðu viðskiptamálaráðherra, Eysteins Jónssnoar, við 1. umræðu fjárlaganna.

Þar segir:

„Á þessu þingi verður skattalöggjöfin endurskoðuð. Fyrst og fremst verður að gerbreyta þeim lögum, sem nú eru í gildi um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja. Breytingin verður að vera fólgin í því, að útgerðarfyrirtæki og útgerðarmenn greiði skatt og útsvör til jafns við aðra landsmenn, en að útgerðinni verði um leið gert kleift að nota það tækifæri, sem nú gefst, til þess að greiða upp gömlu töpin, og safna nokkrum varasjóðum til þess að standast þau töp, sem því miður munu óhjákvæmilega verða að stríðslokum, og til þess að endurnýja skipastólinn.“

Þegar málin eru skoðuð í ljósi staðreyndanna, verður ekki fyrirferðarmikill sá ágreiningur og togstreita um skattmálin, sem ýmsir aðilar hafa þó talið viðeigandi að hafa í flimtingum um.

Liklegt er, að framkvæmdar verði einhverjar breytingar, beinlínis háðar ríkjandi ástandi, — persónufrádrátturinn hækkaður og höfð hliðsjón af verðlagsuppbótunum.

Mjög bráðlega ætti að fara að ráðast fram úr um þessi mál.

SJÁLSTÆÐISMÁLID:

Að undanfögnu hefir verið látið allmikið uppi um afstöðu förráðamanna flokka og þjóðar til sjálfstæðismálsins. Það er kunnugt af skrifum blaðanna.

Formaður Sjálfstæðisflokksins hefir lýst skoðun sinni í Mbl. og Ísafold og Verði, en stefnan, sem hann markar þar, er í aðalatriðum í samræmi við skoðanir meirihluta þingflokks og miðstjórnar flokksins. Nokkuð greinir þó á um leiðir og ekki svo að skilja, að sjónarmið það, sem sett er fram af formanni flokksins, séu ekki frekar til athugunar innan flokksstjórnarinnar. Sérstaklega hefir verið rætt um, hvort ekki ætti alveg að falla frá endurskoðunarkröfu sambandslaganna og lýsa skilyrðislaust yfir rétti okkar Íslendinga til þess að rifta sambandslagasamningnum með einhliða yfirlýsingu, þó að það væri eftir atvikum látið frestast, að óbreyttum kringumstæðum, að neyta þessa réttar. Þó er ráðgert að samningurinn stæði aldrei lengur en til ársloka 1943, þegar við hefðum rétt til uppsagnar samkv. ákvæðum hans sjálfs.

Sumir flokksmenn leggja áherzlu á að losna við samninginn nú þegar.

Að öðru leyti þykir rétt að tilfæra hér niðurlag greinar formanns flokksins:

„1. Eg tel, að Íslendingar eigi tvímælalaust rétt til að rifta sambandslagasamningnum nú þegar.

2. Vegna þess, að eg viðurkenni, að það sé að minnsta kosti hugsanlegt, að þessi réttur verði ekki viðurkenndur af öðrum, en Íslendingar hafa hinsvegar ótvíræðan rétt til að skipa öllum sínum málum, samkvæmt 18. gr. sambandslaganna, þá vil eg ekki nota þennan rétt að óbreyttum kringumstæðum.

Það, sem eg legg til að gera verði nú, er þetta:

1. Alþingi lýsi því yfir, að það telji Íslendinga hafa rétt til að rifta sambandslagasamningnum með einhliða yfirlýsingu af sinni hálfu. Jafnframt álykti Alþingi að þessi réttur verði hagnýttur hvenær sem ástæður þykja til síðar.

2. Endurskoðunar á sambandslagasamningnum verði krafizt nú þegar.

3. Sem bráðabirgðaráðstöfun verði valinn sérstakur ríkisstjóri, sem fari með konungsvaldið að svo stöddu.

4. Alþingi gefi nú í fyrsta skipti yfirlýsingu um framtíðar-stjórnarskipulag landsins, og þá einkum um skipun æðsta valdsins.“

Áður sent: 1. Fjármálayfirlit, 2. Utanríkismál, 3. Stjórn-
málayfirlit: Jan.—febr. 1941.

Sjálfstæðisflokkurinn

Skrifstofa Miðstjórnar

5.

Reykjavík

1941

- I. Þingmál (Apríl-Maí).
- II. Íhlutun Breta ...
- III. Viðskiptamálin.
- IV. Ástand og horfur.

Þingmál.

(Apríl—Maí).

Síðasta skýrsla miðstjórnar til trúnaðarmanna flokksins var yfirlit um þingmál o. fl., í febrúar og marz.

Síðan hafa komið fram á þingi ýms mál, sem ástæða væri til að vekja athygli á. En þar sem nú er svo liðið á þinghaldið, þykir rétt að hreyfa ekki að ráði nýjum málum nú, en láta það fremur frestast þar til hægt er að skýra frá fullnaðarúrslitum að þingi loknu.

Eins þykir rétt að láta bíða þingslita fyllri greinargerðar fyrir afgreiðslu og úrslitum þeirra mála, sem minnst var á í síðasta yfirliti og enn er ekki frá gengið.

Hins vegar verður nú gerð nokkur grein fyrir úrslitum nokkurra þingmála, sem þegar eru afgreidd og máli þykja skipta og minnst á það helzta, sem við blasir.

FRESTUN ALÞINGISKOSNINGA:

Það hefir, eins og menn vita, nokkuð borið á góma að undanfögnu í blöðunum, að til þess kynni að reka, að alþingiskosningum, sem áttu að fara fram í júní mánuði, yrði frestað.

Alþingi hefir nú, að kvöldi þess 15. maí, tekið þá ákvörðun, að fresta kosningunum.

Ákvörðun Alþingis felst í þingsályktunartillögu, sem borin var fram af hálfu ríkisstjórnarinnar í sameinuðu þingi, — og er á þessa leið:

„Vegna þess að Ísland hefir verið hernumið af öðrum aðila styrjaldarinnar og lýst á hernaðarsvæði af hinum og vegna þess ástands, sem af þeim sökum hefir þegar skapast í landinu, og fullkominnar óvissu um það, sem í vændum kann að vera, telur Alþingi, að almennar kos-

ingar geti ekki að svo komnu farið fram með eðlilegum hætti eða í samræmi við tilgang stjórnarskrárinnar og anda lýðræðisins. Alþingi ákveður því, að almennum kosningum til Alþingis skuli frestað fyrst um sinn, þar til ástæður breytast þannig, að fært þyki að láta kosningar fara fram, þó ekki lengur en 4 ár, og framlengist núverandi kjörtímabil í samræmi við það.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, nema kommúnistanna þriggja og Páls Zophoníassonar. Jón Pálmason og Jóhann P. Jósefsson greiddu ekki atkvæði.

Hér er um slíkt stórmál að ræða, að fyrir því verður gerð ítarleg grein á öðum vettvangi, og vill miðstjórnin sérstaklega vísa til útvarpsræðu formanns Sjálfstæðisflokksins þ. 16. þ. m., sem birt er í blöðum flokksins. En svo mikinn flokksþroska verða Sjálfstæðismenn að sýna, að þeir uggja aldrei um það, að umboðsmenn þeirra á þingi og í flokksstjórninni láti nokkurn tíma, í slíku máli, sem þessu, leiðast af öðru en knýjandi nauðsyn með þjóðarheill fyrir augum. —

SKATTAMÁLIN:

Skattamálin eru nú afgreidd frá þinginu. Samkomulag varð um afgreiðslu þeirra milli stjórnarflokkanna. Þær aðgerðir, sem um er að ræða, fela því í sér samkomulagsatriði þriggja flokka.

Meginsjónarmið Sjálfstæðismanna, sem af þeirra hálfu var haldið fram við sammingsumleitanir, má í stórum dráttum segja að verið hafi:

1. Varðandi útgerðina, að henni væri gert kleift að létta af sér skuldum, safna í varasjóði til endurnýjunar framleiðslutækjunum og til þess að forðast hrun, þegar verðfall hefst á ný.

Þessari stefnu er frekar lýst með tilvitnunum í ummæli formanns flokksins í síðasta og næst síðasta yfirliti miðstjórnar til trúnaðarmanna.

Verður að viðurkenna, að þetta hafi að verulegu leyti tekizt.

2. Varðandi almenning, að létt yrði á beinu sköttunum, og hefir það verið stefna Sjálfstæðismanna um mörg undangengin ár.

Í þessu tilliti má segja að náðst hafi árangur til stórra muna.

Jafnframt er þó rétt að geta þess, að vegna aðstöðu framleiðslunnar, eins og nú háttar, er ekki útilokað, að til þess þurfi að grípa, til bráðabirgða, að leggja á einhverskonar launaskatt, en ekkert er afráðið um það enn.

Aðgerðir þingsins eru aðallega þriðþættar.

Annars vegar er um að ræða breytingar á tekju-skattslögunum, sem snúa að öllum almenningi.

Hins vegar er um að ræða ný ákvæði varðandi skattgreiðslur útgerðarinnar.

Í þriðja lagi er um að ræða sérstakan stríðsgróðaskatt.

Frá afgreiðslu málsins hefir verið skýrt og rætt í blöðum. Hér skal því aðeins bent á meginatriðin og sýnt fram á breytingar, sem orðið hafa, með nokkurum dæmum:

I. Almenni skatturinn.

Gagnvart almenna skattgreiðandanum er um að ræða **tvennskonar** lækkun.

Í fyrsta lagi er **skattstiginn lækkaður mjög verulega.**

Í öðru lagi er **persónufrádrátturinn hækkaður.**

Nýi skattstiginn er þannig:

Tekjur, sem ekki nema kr. 100.00 eftir allan löglegan frádrátt, eru skattfrjálsar.

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af skattskyldum tekjum greiðist:

1000— 2000 kr.:	10 kr. af	1000 kr. og	2%	af afg.
2000— 3000 —	30 — —	2000 — —	4%	— —
3000— 4000 —	70 — —	3000 — —	7%	— —
4000— 5000 —	140 — —	4000 — —	9%	— —
5000— 6000 —	230 — —	5000 — —	11%	— —
6000— 7000 —	340 — —	6000 — —	12%	— —
7000— 8000 —	460 — —	7000 — —	13%	— —
8000— 9000 —	590 — —	8000 — —	15%	— —
9000—10000 —	740 — —	9000 — —	20%	— —
10000—11000 —	940 — —	10000 — —	28%	— —
11000—12000 —	1220 — —	11000 — —	29%	— —
12000—14000 —	1510 — —	12000 — —	30%	— —
14000—16000 —	2110 — —	14000 — —	31%	— —
16000—18000 —	2730 — —	16000 — —	32%	— —
18000—20000 —	3370 — —	18000 — —	33%	— —
20000—25000 —	4030 — —	20000 — —	34%	— —
25000—30000 —	5730 — —	25000 — —	35%	— —
30000—35000 —	7480 — —	30000 — —	36%	— —
35000—40000 —	9280 — —	35000 — —	37%	— —
40000—45000 —	11130 — —	40000 — —	38%	— —
45000—50000 —	13030 — —	45000 — —	39%	— —
50000 og þar yfir	14980 — —	50000 — —	40%	— —

Til samanburðar er hér birtur sá skattstigi, sem úr gildi er felldur.

En þess ber jafnframt að gæta, að skattur samkv. honum var innheimtur með 12% viðauka, þannig að þegar búið er að reikna skattinn — verður að reikna út og bæta við 12% af sjálfri skattupphæðinni.

Tekjur, sem ekki nema kr. 100.00 eftir allan löglegan frádrátt, eru skattfrjálsar.

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000.00 kr., greiðist af honum 1%.

Af skattskyldum tekjum greiðist:

1000— 2000 kr.:	10 kr. af	1000 kr. og	2% af afg.
2000— 3000 —	30 — —	2000 — —	5% — —
3000— 4000 —	80 — —	3000 — —	7,5% — —
4000— 5000 —	155 — —	4000 — —	10% — —
5000— 6000 —	255 — —	5000 — —	15% — —
6000— 7000 —	405 — —	6000 — —	20% — —
7000— 8000 —	605 — —	7000 — —	30% — —
8000— 9000 —	905 — —	8000 — —	31% — —
9000—10000 —	1215 — —	9000 — —	31,5% — —
10000—11000 —	1530 — —	10000 — —	32% — —
11000—12000 —	1850 — —	11000 — —	33% — —
12000—13000 —	2180 — —	12000 — —	34% — —
13000—14000 —	2520 — —	13000 — —	35% — —
14000—15000 —	2870 — —	14000 — —	36% — —
15000—16000 —	3230 — —	15000 — —	37% — —
16000—18000 —	3600 — —	16000 — —	38% — —
18000—20000 —	4360 — —	18000 — —	39% — —
20000—22000 —	5140 — —	20000 — —	40% — —
22000—24000 —	5940 — —	22000 — —	41% — —
24000—26000 —	6760 — —	24000 — —	42% — —
26000—28000 —	7600 — —	26000 — —	43% — —
28000— og þar yfir	8460 — —	28000 — —	44% — —

Persónufrádrátturinn er nú:

Í Reykjavík:

Fyrir einstakling kr. 900 (var kr. 800)
— hjón — 1800 (— — 1500)
— hvert barn — 700 (— — 500)

Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling kr. 900 (var kr. 600-700)
— hjón — 1800 (— — 12-1400)
— hvert barn — 600 (— — 500)

Raunverulegur munur á skattþyngslunum fyrir og nú er áberandi. Til glöggvunar birtist hér sam-
anburðartafla, miðuð við 5 manna fjölskyldu í Reykjavík:

Nettó- tekjur	Skattskyldar tekjur áður	Skattsk. tekjur nú	Skattur áður	Skattur nú	Lækkun
kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
5000	2000	1100	33	12	21
8000	5000	4100	285	149	136
10000	7000	6100	677	352	325
12000	9000	8100	1360	605	755
15000	12000	11100	2441	1249	1192
20000	17000	16100	4457	2762	1695
50000	47000	46100	18838	13459	5379

Nú er þess enn ógetið, varðandi útreikning al-
menna skattsins, að til þess að koma í veg fyrir
óeðlilega hækkun skatts af völdum dýrtíðar, þ. e.
a. s. þeim sökum, að peningagildið rýrnar og laun
manna hækka að krónutal, án þess að um **raunveru-
lega** tekjuhækkun sé að ræða, er reiknaður sami
hundraðshluti í skatt af þeim hluta launa, sem
svara til aukinnar dýrtíðar, og af grunnlaunum.

Þessi niðurstaða verður fengin með umreiknun
teknanna. Nettotekjurnar eru margfaldaðar með
100 og deilt með meðalvísitölu ársins (Árið 1940 er

meðalvísitalan 132). Síðan er persónufrádrátturinn dreginn frá og skatturinn svo reiknaður út eftir skattstiganum. Skattupphæðin er svo aftur margfölduð með meðalvísitölu ársins og deilt með 100. Þá er hinn rétti skattur fenginn.

2. Skattur útgerðarinnar.

Breytingarnar eru aðallega fólgnar í því, frá því sem verið hefir, að í stað þess að útgerðarfyrirtækjum var heimilt, samkvæmt hinum sérstöku ívilnunum frá 1938, að draga 90% af því, sem lagt var í varasjóð, frá skattskyldum tekjum, er nú aðeins heimilt að draga 50% af því, sem lagt er í varasjóð frá. En sú regla gildi áður en ívilnanirnar frá 1938 komu til. Ennfremur skal 40% af því, sem lagt er í varasjóð bundið í svokölluðuð nýbyggingarsjóði og skal leggja það fram í handbæru fé og taka út úr rekstrinum. Er það gert til þess, að féð sé til taks til endursköpunar skipastólnum — og jafnframt til þess að færa þetta fé úr umferð, til þess að það auki ekki, ásamt öðru, dýrtíðina í landinu. $\frac{3}{5}$ hlutar nýbyggingarsjóðs er heimilt að sé í pundum þeim, sem bundin eru á biðreikningi í Englandi, og hærra hlutfall er heimilað, ef tilgreindar, knýjandi orsakir eru fyrir hendi.

Aftur á móti helzt enn sérheimildin frá 1938, að útgerðarfyrirtækjum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum tap, sem orðið hefir á rekstrinum frá 1931, — en ströng skilyrði, sem tryggja, að hið frádráttarhæfa fé fari til greiðslu skulda.

Þetta ákvæði er upphaflega til orðið sem einskonar óeiginleg kreppuhjálp til útgerðarinnar, þ. e. henni er heimilt að borga töp kreppuáranna áður en skattur er heimtaður. Alþýðuflokksmenn vildu afnema þetta ákvæði, en fengu ekki að gjört.

Útsvarfrelsi útgerðarinnar, sem var í lögnum frá 1938, er fellt niður.

3. Stríðsgróðaskattur.

Þetta er nýr skattur á stórtækjur, og til orðinn með tilliti til hins sérsaka stríðsgróða á árinu 1940.

Auk hins venjulega skattgjalds, skal stríðsgróðaskatturinn lagður á samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 50000—75000 kr., greiðist 4% af því, sem er umfram 50000 kr. Annars greiðist af skattskyldum tekjum:

75000—100000 kr.:	1000 kr. af	75000 kr. og	10% af afg.
100000—125000 —	3500 — —	100000 — —	15% — —
125000—150000 —	7250 — —	125000 — —	20% — —
150000—175000 —	12250 — —	150000 — —	25% — —
175000—200000 —	18500 — —	175000 — —	30% — —
200000 og þar yfir 26000 — —	200000 — —	200000 — —	35% — —

Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 40% af skattinum, þó ekki hærri fjárhæð en nem-

ur 40% af niðurjöfnuðum útsvörum í sveitarfélaginu á því ári. Ríkissjóður greiðir enn fremur 6% af stríðsgróðaskattinum til jöfnunar milli annara sveitarfélaga.

Þessi skattur er óviðkomandi öllum þorra manna og jafnframt ekki eins þungur á hátekjum og í fljótu bragði virðist, þar sem hann léttir jöfnunum honum útsvarsbyrðina og er miðaður við eitt ár aðeins, en jafnframt frádráttarhæfur eftir á.

* * *

VERÐLAGSUPPBÓTIN:

Í síðasta yfirliti var gerð grein fyrir framkomnu frumvarpi stjórnarinnar um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Það er nú afgreitt sem lög frá Alþingi óbreytt og komið til framkvæmda.

* * *

STÓRMÁL FRAMUNDAN:

Tvö stórmál bíða úrlausnar á næstunni: Sjálfstæðismálið — og hvernig hægt sé að reisa rönd við dýrtíðinni.

Varðandi fyrra málið er naumast hægt að gefa frekari ábendingar en í síðasta yfirliti, en þess er að vænta, að tillögur liggi frammi á Alþingi mjög bráðlega.

Stjórnin hefir fengið við að athuga, hvaða ráðstafanir væru nú tiltækilegastar í því efni að sporna við hinum alvarlegu áhrifum sívaxandi dýrtíðar og hækkandi kaupgjalds í réttum hlutföllum.

Málið hefir verið rætt innan þingflokka, en er ómótað enn.

Til mála hefir komið, að leggja útflutningsgjald á sjávarafurðir og verja allt að 5 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs í þeim tilgangi að spyrna hér gegn broddunum. En, sem sagt, þetta mikilvæga mál er nú til nánari athugunar og ætlað að koma til kasta þingsins á næstunni.

En það er auðvitað ljóst, að þær ráðstafanir, sem hér yrðu gerðar, hljóta fyrst og fremst að beinast að stuðningi við landbúnaðarframleiðsluna, eins og málin nú horfa við.

Mönnum ber saman um, að umfram allt verði að gæta þess jafnvægis, sem verið hefir í framleiðslu þjóðarinnar, bæði til lands og sjávar.

Þá má líka minnst þess, að landbúnaðarframleiðslan getur vænst verulegs stuðnings af því fé, sem Bretar greiddu á sínum tíma til þess að bæta upp markaðstöp vegna hernámsins — og minnst hefir verið á opinberlega. En hins vegar er of snemmt að víkja frekar að þeim málum nú.

Íhlutun Breta um innanríkismál.

Þegar hinn erlendi her, sem nú dvelur í landinu, tók sér aðsetur hér, var því hátiðlega lýst yfir af hálfu Breta, að þeir mundu ekki hlutast til um innanlandsmálefni okkar.

Á þessu hafa orðið misbrestir.

Alvarlegasti áreksturinn í þessu efni hefir nú orðið, er Bretar taka sér fyrir hendur að banna útkomu eins dagblaðsins í Reykjavík, „Þjóðviljans“, og taka fasta ritstjóra blaðsins ásamt einum starfsmanni.

Að innanlandslögum átti þetta blað rétt til þess að koma út.

Að innanlandslögum var einn hinna handteknu manna jafnframt alþingismaður. Handtaka hans er því freklegur yfirgangur við æðsta stjórnarvald landsins.

Alþingi og ríkisstjórn hafa mótmælt þessum tiltektum brezku herstjórnarinnar.

Síðan hafa spunnizt um þetta mál eftirtektarverð skrif milli sjálfstæðisblaðanna, Vísis og Morgunblaðsins, annars vegar og Alþýðublaðsins og Tímans hins vegar.

Sjálfstæðisblöðin hafa fylgt fast eftir mótmælum Alþingis. Þau hafa fylgt hispurslaust hinum íslenzka rétti, án tillits til alls annars.

Hin blöðin hafa að vísu látið í veðri vaka, að þau teldu mótmælin eiga rétt á sér, en jafnframt hefir öll viðleitni þeirra beint að því að telja mönnum trú um, að við sjálfir eigum sök á því, hvað skeð hafi, og jafnvel hefir tónn blaðanna mest líkzt einskonaþakkarorðum til Breta fyrir hina föðurlegu ábendingu og umvöndun, sem þeir hafi gefið okkur og okkur sé mátuleg og lærdómsrík.

Þetta mál skal ekki frekar rakið hér, það er svo ýtarlega rætt í blöðunum.

En Sjálfstæðismenn um allt land mega aldrei láta neitt gleþja sig í því að fylgja til fyllztu hlítar hinum íslenzka málstað gagnvart setuliðinu.

Það er ekki um það að ræða, að fylgja málstað kommúnista, eða málstað „Þjóviljans“, heldur málstað hins íslenzka réttar í landinu, íslenzks prentfrelsis og íslenzks persónufrelsis.

★ ★

Viðskiptamálin.

Það virðist nú svo komið, að öllum sé ljóst, að hagkvæmara sé nú að eiga vörðubirgðir í landinu heldur en ávísun á verðmæti í erlendri mynt hjá ófriðar aðila.

En eins og menn rekur minni til, stóð einmitt um þetta hörð barátta á síðastliðnu ári milli Sjálfstæðismanna og Framsóknarmanna.

Sjálfstæðismenn hafa bent á, að reynslan hafi staðfest þeirra málstað, að rétt hefði verið að leggja allt kapp á vörukaupin, bæði vegna þess að verðlag hefir farið stórhækkandi, eins og þeir sögðu fyrir um, og eins vegna hins, að aðflutningur varanna hefir stórum torveldast.

Nú í seinni tíð virðast Framsóknarmenn allt í einu leggja geysi-kapp á að sannfæra menn um það í Tímanum, að þessi deila hafi aldrei staðið, og um margra ára skeið hafi það opinbera gert allt, sem var í þess valdi, til þess að örva innkaup á vörum.

Viðskiptamálaráðherra, Eysteinn Jónsson, er látinn flytja langa ræðu á þingi, og hún birt í Tímanum, um innflutning á nauðsynjavörum undanfarin tvö ár.

Þar segir hann meðal annars,

„Á síðari hluta ársins 1938 óttuðust menn, að ófriður kynni að brjótast út.

Þáverandi ríkisstjórn gerði þá þegar ýmiskonar ráðstafanir til þess að örva innflytjendur til kaupa á brýnustu nauðsynjavörum, þrátt fyrir það, að við ákaflega mikla greiðsluerfiðleika var að etja. Segja má, að síðan, þ. e. allt árið 1939 fram að stríðsbyrjun og æ síðan, hafi ríkisstjórnin fylgst nákvæmlega með birgðum allra helztu nauðsynjavara í landinu og greitt fyrir innflutningi þeirra“.

Þennan þráð hefir svo Tíminn haldið áfram að spinna.

Það er þess vegna rétt að rifja svo lítið upp það, sem áður hefir gerzt.

Um afstöðu Sjálfstæðismanna er þá óbrigðulast, gagnvart Framsóknarmönnum, að vitna í sjálf ummæli Tímans. **Þ. 19. júlí 1940 stendur þar:**

„Það hlýtur að vekja óskipta undrun, *hversu kappsamlega ýmsir forkólfar Sjálfstæðismanna heimta nú aukinn innflutning.* — —

Vegna þess, að viðskiptajöfnuðurinn er nú á pappírnum nokkru hagstæðari en verið hefur um líkt leyti undanfarin ár *ætla þeir alveg vitlausir að verða, bölsótast og kóta öllu illu, ef ekki verður slakað á höftunum.*“

Formaður Framsóknarflokksins svaraði kröfum Sjálfstæðismanna um þetta leyti um aukinn innflutning með fjálglegum greinum um „**heimspeki kramvörustefnunnar**“!

Loksins er svo rétt að vitna til þyngstu rakanna í þessu máli, en það er stefna sjálfs viðskiptamála-

ráðherrans, Eysteins Jónssonar, sem hann markar, í grein, sem hann ritaði, út af deilunni, sem staðið hafði um viðskiptamálin á síðastliðnu sumri, en þessi grein er skrifuð 13. ágúst s.l., og birtist í Tím-anum.

Þar segir :

„Aðalatriðið í þessu máli er í raun réttir það, að ef þjóðin ekki eignast inneignir í erlendum gjaldeyri á tímum eins og þessum, eða greiðir skuldir, þá er það órækur vottur þess, að þjóðin er að tapa.

Frá mínu sjónarmiði á sú skoðun því ekki rétt á sér, að nokkuð bættur viðskiptajöfnuður, að krónutali, frá því, sem verið hefir og bætt gjaldeyrisástand í bili, sé tilefni þess að slaka á takmörkunum, sem settar hafa verið um neyðlu erlendra vara í landinu. — — Eg álit, að þjóðin eigi einmitt nú að leggja nokkuð hart að sér til þess að reyna að bæta fjárhag sinn, lækka skuldirnar og eignast innistæður í erlendum gjaldeyri.“

Skýrar getur þetta ekki verið. En varðandi viðskiptajöfnuðinn má segja, að lítil forsjálni hafi verið, þegar komið er fram í ágúst mánuð, að sjá þá ekki til hvers mundi reka. Bæði var jöfnuðurinn þá orðinn verulega hagstæður, yfirstandandi síldveiði með afbrigðum, en búið að gera samning við Breta um sölu síldarafurðanna — og ísfiskmarkaðurinn síhækkandi.

Þegar viðskiptamálaráðherra segir nú, að allt frá 1938 hafi hið opinbera lagt sig fram við að greiða fyrir innflutningi, stangast það nokkuð við sjálfar staðreyndirnar.

Og á það mætti minna, að t. d. á árinu 1939 neitadi viðskiptamálaráðherra eimskipafélaginu h/f „Ísafold“ í Reykjavík um innflutning á 1600 tonna vöruflutningaskipi fyrir 9000 £, — og þegar hann sjálfur segir nú, að „síðari hluta árs 1938 hafi menn óttast að ófiður kynni að brjótast út“, verður slík ráðstöfun lítt skiljanleg og ekki þess eðlis, að talizt geti sérstök fyrirgreiðsla við innflutning vara til landsins.

Þetta mál skal nú ekki rætt frekar á þessu stigi, en rétt að minnast þess, sem gerzt hefir. —

Ástand og horfur.

Öllum var það ljóst, hversu alvarlega horfði, þegar hinar grimmúðugu og mannúðarlausu árásir á veiðiskipin Fróða og Reykjaborgina áttu sér stað um miðjan marz mánuð. Menn sáu í þessum ægilegu hryðjuverkum fyrirboða vaxandi erfiðleika og nýrra vandamála.

Þess var þá heldur ekki langt að bíða, að frekar skýrðist, hvað um var að vera.

Hinn 25. marz var það tilkynnt í þýzka útvarp-

inu, að Ísland væri komið á ófriðarsvæðið. Tilkyning Þjóðverja var á þá leið, „að vegna hins ólög-
mæta hernáms Breta á dönsku eyjunni Íslandi og
vegna þess, að brezkir hafnbannsbrjótar notuðu Ís-
land sem bækistöð, yrði ekki hjá því komizt, að láta
ófriðarsvæðið ná yfir Ísland.“

Síðan var nánar tilgreint svæðið, sem m. a. náði
yfir alla siglingaleiðina til Englands og allt vestur
að landhelgislinu Grænlands, og lýst yfir, að skip,
sem inn á þetta svæði færu, ættu á hættu að verða
skotin í kaf og færu þangað á eigin ábyrgð.

Það hafa nú verið lögð fram í Berlín mótmæli
íslenzku ríkisstjórnarinnar bæði gegn árásumum á
íslenzku skipin og framangreindum yfirlýsingum
Þjóðverja, og þá jafnframt þeirri móðgun í garð
íslenska ríkisins, að tala um „dönsku eyjuna“ Ís-
land. —

En upp úr þessum aðgerðum stöðvuðust alveg all-
ar siglingar ísl. skipa frá landinu, og horfði slíkt
vitanlega til stórra vandræða.

Strax eftir að árásirnar höfðu verið gerðar á
Fróða og Reykjaborgina, beindi ríkisstjórnin þeirri
fyrirspurn til brezku stjórnarinnar, hvort hún vildi
kaupa íslenzkar sjávarafurðir fitt um borð í ís-
lenskum höfnum.

Af þeirri fyrirspurn leiddi, að til Reykjavíkur
kom sendinefnd frá brezku stjórninni, er hafði um-
boð til þess að semja um kaup á íslenskum sjávar-
afurðum. Það sem nefndin hafði umboð til að semja
um var, nánar tiltekið, kaup á: 1.) nýjum fiski, 2.)
frystum fiski, 3.) saltfiski, 4.) niðursoðnum fisk-
tegundum, 5.) nýrri síld og 6.) saltsíld.

Innan verkahringis nefndarinnar var **ekki** að
semja um kaup á síldarmjöli og síldarolíu, né nein-
um landbúnaðarafurðum.

Þessi nefnd fór héðan aftur, án þess að samn-
ingar væru gerðir, en vonir standa til, þó að fyrir
því sé engin víska, að bráðlega gangi saman og þá
þannig, að sammingskjör verði sæmileg fyrir okk-
ur. Er þá gert ráð fyrir, að togarar og stærri veiði-
skip mundu jafnvel halda áfram siglingum með afla,
en önnur skip ekki.

Jafnframt hefir verið unnið að nýjum samningum
um kaup og kjör sjómanna.

Samningar hafa þegar tekizt, svo sem kunnugt
er, um kjör sjómanna á kaupskipaflotanum — og
siglingar byrjaðar á ný. Fram yfir þau kjör, sem
áður voru, bætizt, að allur aðbúnaður er öruggari á
skipunum og áhættuþóknun ákveðin 40 kr. á dag
hjá hásetum og 60 kr. hjá yfirmönnum.

Hins vegar hafa samningar ekki enn tekizt milli
útgerðarmanna og sjómanna á togurunum, en aðal-
krafa sjómanna hefir verið að fá nú sem svarar

2000 kr. á mánuði hver háseti, fram yfir það sem áður var: grunnkaup og full verðlagsuppbót og 300% áhættuþóknun og 90 kr. lifrarhlutur á tunnu.

Eftir því, sem heyrzt hefir, munu útgerðarmenn ekki ganga að þessum kröfum, og þess vegna allt í óvissu um þetta mál enn.

Tímarnir eru þannig, að það er erfitt að spá um framtíðina. Um síldveiðar verður ekkert sagt með vissu og allt óvíst um sölu landbúnaðarafurða.

Er augljóst mál, að á öllu veltur, að þjóðin beri gæfu til að sameina krafta sína til fyllstu hlýtar á síkum örlagatímum.

Áður sent:

1. Fjármálayfirlit.
2. Utanríkismál.
3. Stjórn málayfirlit (Jan.—Febr.).
4. Þingmálayfirlit o. fl. (Febr.—Marz).

Sjálfstæðisflokkurinn

Skrifstofa Miðstjórnar

3. Reykjavík 1941

STJÓRN MÁLAFIRLIT

Janúar—Febrúar

1941.

VIÐSKIPTAÞRÓUNIN:

Um og eftir áramótin hafa birzt ýmsar niðurstöður viðskiptalífsins síðastliðið ár. Bera þær með sér svip hins gjörbreytta ástands og áhrifa styrjaldarinnar.

Heildarútlutningur á árinu hefir numið 132.9 milljónum króna. (Tæpar 70 millj. kr. árið 1939). Megin útlutningslöndin eru fjögur:

Til Englands fyrir.....	kr. 91.333.000
Til Bandaríkjanna	— 18.153.000
Til Spánar	— 6.011.000
Til Portugal	— 4.748.000

Samtals kr. 120.245.000

Langmestur hluti útlutningsins eru sjávarafurðir:

Ísfiskur	57 millj. kr.
Saltfiskur	20 — —
Lýsi	13 — —
Freðfiskur	11 — —
Sildarafurðir	14 — —

Heildarinnflutningur telst samkvæmt verzlunarskýrslum 72.3 millj. kr. Verzlunarjöfnuðurinn ætti því að vera 60.6 millj. kr., sem sýnir þó aðeins ófullkomna mynd af afkomunni út á við. Bæði er, að okkur hafa áskotnast milljónir, sem ekki koma

fram á verzlunarskýrslum og jafnframt er mikið af landbúnaðarafurðum útflutt. En hitt er þó athyglis- og varhugaverðara, að verzlunarjöfnudurinn vottar ekki þá bættu afkomu, sem í fljótu bragði mætti virðast. Samkv. útreikn. Hagstofunnar munu 28.4 millj. kr. hins hagstæða verzlunarjafnaðar eiga rætur að rekja til minnkandi vörumagnsinnflutnings, þ. e. sama vörumagn og flutt var inn 1939 hefði nú kostað, með verðlagi ársins 1940: 100.7 millj. kr. Enda ljóst, að byggingar og nýsköpun í landinu er varla nokkur — og verður því nauðsynlega nú þegar að ætla fjármagn til þeirra hluta, þegar úr greiðist um verðlag og aðrar aðstæður.

Seðlaveltan var í ársbyrjun 1940: 12.7 millj. kr., en í árslok 25.2 millj. kr. (tæp 100% aukning).

Innlög í bönkunum námu í ársbyrjun kr. 78.9 millj. kr., en í árslok 130.4 millj. kr. (ca. 65% aukning).

Útlán bankanna námu í ársbyrjun kr. 104.7 millj., en í árslok 97.2 millj. kr. (\div 7%).

Afstaða bankanna gagnvart útlöndum nam í ársbyrjun \div 12.7 millj. kr., en í árslok + 59.6 millj. kr. (batnaði þannig á árinu um 72.3 millj. kr.).

Eins og útflutningsskýrslurnar bera með sér, hefir sjávarútvegurinn orðið afdrifaríkastur og afkastamestur.

Hið háa verð sjávarafurðanna hefir skapað nýja viðréttingu fyrir þennan megin atvinnuveg þjóðarinnar. Öll framtíðin er þó á völtu út á við. Inn á við vaxa mönnum í augum hinar háu tölur — og til eru þeir menn, sem helst telja það til þurftar, að skapa þeirra vegna misklíðarefni og tortryggni, einkum í sambandi við þau friðindi í skattgreiðslum, sem útgerðinni var heitið til 5 ára á Alþingi 1938. Byggðust þau þó á þeirri grundvallar hugsun, að útgerðinni yrði leyft, einmitt ef að batnaði í ári, að rétta sig við á sínum eigin arði, þ. e. borga skuldir og safna í varasjóði, áður en skattarnir væru heimtir á hinn venjulega hátt.

Í yfirlitsræðu atvinnumálaráðherra um atvinnu- málin, er hann flutti í útvarpið þ. 6. febr. s.l., komst hann m. a. svo að orði varðandi útgerðina:

„Meginstefnan er þessi:

Útgerðin verður að fá að létta af sér skuldum. Margir eru búnir að því eða langt komnir. Hún verður að fá að safna varasjóðum til endurnýjunar á framleiðslutækjunum. Sumir eru þegar vel á vegi með það. Og loks verður hún að fá að safna í sarpinn til þess að forðast hrun, þegar verðfallið hefst, því þá lækka afurðirnar miklu fyrir en kaupgjald og ýmis annarr tilkostnaður.

Eftir það nýtur hún sama réttar og aðrir þegnar. En þeir verða að missa sem eiga, og þeir að gjalda mest, sem af mestu hafa að taka“. „Er nú víska fyrir, að af arði ársins 1941 verður tekið eftir því sem talið verður að þörf þjóðarinnar krefjist, en sennilegt að samkomulag

náist innan stjórnarflokkanna um skattlagningu arðsins 1940.“

KAUPGJALDSMÁLIN:

Verkföllin og vinnudeilurnar, sem staðið hafa að meira eða minna leyti tvo fyrstu mánuði ársins, hafa enn á ný opinberað skaðsemi hinna pólitisku átaka og áhrifa kommúnista og socialista innan verkalýðs-hreyfingarinnar.

Með æsingastarfsemi sinni og blekkingum fá kommúnistar því til leiðar komið innan stærsta verkamannafélags landsins, Dagsbrúnar í Reykjavík, að félagsfundur fellir samningstilboð, sem samninganefndir Dagsbrúnar og Vinnuveitendafélagsins höfðu komið sér saman um, og félagið er umsvifalaust knúð út í verkfall. Eftir á reynist málflutningur kommúnista ekkert annað en svik og blekkingar — og sáttasemjari í vinnudeilum hefir ekki önnur ráð að gefa félaginu, en að láta fara fram allsherjar atkvæðagreiðslu utan fundar um samningstilboðið, sem félagsfundurinn hafnaði, og telur sig ekki geta komið með neinar tillögur félaginu til hagsbóta.

Við hina almennu atkvæðagreiðslu kemur svo í ljós, að meiri hluti félagsmanna vill ganga að tilboðinu, og verkfallinu er því aftur aflétt. En þess ber að minnast, að við atkvæðagreiðsluna voru Alþýðuflokksmenn mjög óheilir og Tíminn gekk beinlínis í lið með kommúnistum. Sama dag og atkvæðagreiðslan fer fram birtir Tíminn hina fátánlegustu lygasögu, sem ekki leynir sér hvaða áhrif hefir átt að hafa:

„Tíminn hefir allgóðar heimildir fyrir því, að bæði Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson hafi látið þá skoðun í ljós við flokksbræður sína í Dagsbrún, að þeim bæri meira kaup en lofað var í samkomulagstillögunum. Það er vel hægt að gera sér í hugarlund, hvaða áhrif það hefir á tilhlíðrunarsemi og sáttfýsi verkamanna, þegar tveir helztu valdamenn Sjálfstæðisflokksins, atvinnumálaráðherrann og borgarstjórinn, láta hafa slíkt eftir sér.“!!

Upp úr verkfallinu hafðist ekkert annað en glundroði og atvinnutap fyrir verkamennina, sem var sérstakl. tilfinnanlegt, þar sem um 1800 manns höfðu unnið hjá Bretum, en var öllum sagt upp — og síðan ekki teknir aftur í vinnu, fyrr en seint og síðar meir.

Tök socialista innan Alþýðusambandsins á verkalýðsmálunum opinbera sig greinilega í sambandi við launadeilu starfsstúlkanna á veitingahúsum. Alþýðusambandið er látið taka upp hanzkann fyrir starfsstúlkurnar, og stjórn þess, skipuð eintómum Alþýðuflokksmönnum, gengur í deiluna f. h. „Sjafnar“, félags starfsstúlkanna. Stjórn Alþýðusam-

bandsins hleypir öllu í rogastrand og teymir stúlkurnar út í verkfall. Síðan skipar hún þjónum og hljómsveitarmönnum að gera samúðarverkfall. Því máli er svo stefnt til félagsdóms og hann ógildir samúðarverkfallið, telur það ólöglegt og dæmir Alþýðusambandið í sektir. Allt er þetta á sömu leið. Stúlkurnar fá ekki lausn sinna mála og öðrum aðilum er att út í vitleysu og lögleysu.

Verkalýðshreyfingin hefir, undir stjórn socialista og kommúnista á undanförunum árum, riðlæzt og veiklæzt vegna pólitískrar valdastreitu forkólfanna.

Nú er að rísa þróttmikil hreyfing, undir forystu Sjálfstæðisverkamanna, sem vill óháð stéttarsamtök, er stuðli að samvinnu og bættri sambúð verkamanna og vinnuveitenda í fullum skilningi hinna sameiginlegu hagsmuna beggja þessara aðila á því, að vinnufriður og gagnkvæmur skilningur skapi grundvöllinn að blómlegu atvinnulífi í landinu.

Annars er það svo, að kaupdeilurnar eru nú víðast hvar til lykta leiddar á þann hátt, að dýrtíðin er bætt að fullu, samkv. mánaðarlegum útreikningi kauplagsnefndar. Mjög víða hefir grunnkaupið líka hækkað. Kaupgjaldið og verðlagið hækka sitt á hvað og dýrtíðin heldur áfram að vaxa hröðum skrefum. Þykir því sýnt, að eitt af höfuðviðfangsefnum þingsins verður að ráða fram úr þessu mikla vandamáli.

Verðlagsuppbætur á laun síðastliðið ár voru þessar.

Í I. ársfjórðungi:

- 1. fl. 9%
- 2. fl. 8%
- 3. fl. 6.1%

Í II. ársfjórðungi:

- 1. fl. 15.75%
- 2. fl. 14.0%
- 3. fl. 11.05%

Í III. ársfjórðungi:

- 1. fl. 22.5%
- 2. fl. 20.0%
- 3. fl. 16.0%

Í IV. ársfjórðungi:

- 1. fl. 27.0%
- 2. fl. 24.0%
- 3. fl. 19.3%

Í I. ársfjórðungi 1941, á laun opinberra starfsmanna og embættismanna:

- 1. fl. 31.5%
- 2. fl. 28%
- 3. fl. 22.6%

DREIFIBRÉFSMÁLIÐ — LANDRÁÐ KOMMÚNISTA.

Í vitund islenzku þjóðarinnar er starfsemi kommúnista nú augljós landráðastarfsemi.

Enn ein sönnun þess hefir fengizt í sambandi við Dagsbrúanarverkfallið í Reykjavík, þegar kommúnistar lögðust svo lágt, að flýja á náðir hins erlenda hers, sem hér dvelur, með allt í senn: ósvífnustu og hraklegustu lygar og blekkingar um islenzk málefni og liðsbónu um afskipti hermanna af okkan innanlandsmálefnum.

Fyrir þennan andstyggilega tilverknað hafa nú 6 kommúnistaforsprakkar verið dæmdir sekir um landráð.

Fjórir eru dæmdir fyrir brot á 88. gr. hegningarlaganna, sem er svohljóðandi:

„Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenska ríkið eða hlutast til um málefni þess, svo og hver-sá, sem veldur bersýnilegri hættu á því, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.“

Þessir fjórir voru dæmdir frá 4 mánaða í 18 mánaða fangelsi og auk þess sviftir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annara kosninga.

Ritstjórar Þjóðviljans, Einar Olgeirsson og Sigfrús Sigurhjartarson, eru dæmdir samkv. 2. málsg. 121. gr. hegningarlaganna, sem er svohljóðandi:

„Hver, sem opinberlega og greinilega felst á eittvert þeirra brota, er 10. og 11. kafli laga þessara getur, sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.“

Ritstjórnarnir voru dæmdir í 3 mánaða varðhald.

Málunum er áfrýjað og biðna þau því dóms hæstaréttar.

VEITING PRESTSEMBÆTTANNA Í REYKJAVÍK.

Þann 7. jan. veitti kirkjumálaráðherra 4 prestsembætti í Reykjavík í þrem nýjum sóknum, sem kosið hafði verið í fyrir áramótin.

All miklar deilur urðu um veiting embættanna í einni sókninni, Hallgrímssókn, þar sem ráðherrann brá þar út af þeim vanda, að fara eftir atkvæðatölu og ábendingu biskups. Hann veitti þeim, sem hafði hæsta atkvæðatölu, sr. Sigurbirni Einarssyni, og þeim fjórða hæsta, sr. Jakobi Jónssyni. Biskup hafði fylgt þeirri venju, sem ekki hefir verið vikið frá í meira en aldarfjórðung, að mæla með þeim, er flest atkvæði höfðu hlotið, sr. Sigurbirni og sr. Jóni Auðuns.

Fjöldi manna vildi ekki sætta sig við yfirgang ráðherra og átroðning við anda lýðræðisins og hefir nú myndað nýjan söfnuð utnan þjóðkirkjunnar, með sr. Jón Auðuns sem prest.

Um þennan möguleika lét ráðherrann „Tímann“ hafa eftir sér, sama dag og hann veitti embættin:

„Eg sé ekkert hættulegt við þetta (stofnun nýs safnaðar). Íslenska kirkjan er engin einokunarstofnun með trúarbrögð. Mönnum er frjálst að mynda frikirkju eftir vissum reglum. *Eg mundi aðeins telja það vott um aukinn trúaráhuga.*“

Ráðherrann viðurkennir sem sé í sektarvitund sinni, að hann sjái aðeins vott trúaráhuga í því, að þola ekki ofríki hans.

Síðan hefir Tíminn verið að snúa við blaðinu og ásaka Sjálfstæðismenn fyrir óvináttu við þjóðkirkjuna og yfirskin í trúmálum.

Þegar síðari skrif Tímans í þessum málum eru borin saman við tilvitnuð ummæli í blaðinu 7. jan., fæst gott sýnishorn málflutnings þeirra Tímanna (Tíminn 30. janúar):

„Nokkrir þeirra (þ. e. Sjálfstæðismenn) hafa nú rokið til og stofnað sérstakan frikirkjusöfnuð í þeirri *sávíslegu von*, að það geti hnekkt kirkjumálaráðherra“!! „Eini árangur þessarar viðleitni til safnaðarmyndunar er sá, að það verður ljósara hér eftir en hingað til, að hinn yfirlýsti áhugi forsprakka Sjálfstæðisflokksins fyrir málefnum kirkjunnar er yfirskin eitt. *Verkin sýna nú eins skýrt og verða má, að þessir menn hika ekki við að kljúfa þjóðkirkjuna, ef þeir halda, að það sé flokki þeirra til ávinnings í hinni pólitísku baráttu.*“

Það er nú gleymt og grafið, að það var einmitt sjálfur yfirmaður þjóðkirkjunnar, kirkjumálaráðherra, sem varð með framkomu sinni valdandi þess, að nýr söfnuður er stofnaður.

Veiting prestsembættanna ber Framsóknarmönnum vott um þrennt: Litla virðingu fyrir lýðræðinu, ómerkilegan málflutning og frekju og yfirgang við það, að troða pólitískum venslamönnum inn í embætti og stöður.

VESTMANNAEYJAFERÐ OÐINS.

Þann 11. janúar kom varðbáturinn „Óðinn“ til Vestmannaeyja.

Vestmannaeyingar áttu von á pósti, sem þeir höfðu ekki fengið frá því fyrir áramót. En enginn póstur var með bátnum — en nokkrir vermenn og þrír framsóknarförkólfar úr Reykjavík.

Morgunblaðið hélt því fram, að Framsóknarmenn hefðu þarna tekið sér svipað leyfi og oft tíðkaðist hjá þeim áður fyrr, að senda varðskipin með förkólfa flokksins í flokkserindum, en þetta sama kvöld var árshátíð Framsóknarmanna í Eyjum, og þar mættu þessir þrír sendimenn: Bjarni Ásgeirsson alþm., Guðbrandur Magnússon, forstjóri, og Guðlaugur Rósinkranz, kennari.

Morgunblaðið sýndi fram á, að það var hrein hending, að þeir vermenn, sem með Óðni voru, komust með.

Það hélt því fram, að Pálmi Loftsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, hefði þvertekið fyrir við póststofuna í Reykjavík, nokkrum dögum áður en Óðinn fór til Eyja, að hann vissi af nokkurri ferð. Eins, að skrifstofa Skipaútgerðarinnar hefði eftir það neitað fyrirspurn póststofunnar þar að lútandi. Og loksins upplýsir það, að þegar póstfulltrúi, Sveinn Björnsson, hafi eftir á haft tal af Pálma

Loftssyni, hafi hann sagt: „Ég gleymdi að láta ykkur vita um ferðina.“

Pálmi Loftsson segir í bréfi til Mbl., dags. 13. jan., birtu í Mbl. 14. jan.:

„Samtöl þau, sem þér segið, að pósthofan hér hafi átt við mig um þessa ferð Óðins, hafa ekki átt sér stað.“

Og Pálmi Loftsson lætur Tímann hafa eftir sér þann 14. jan.:

„Um póstinn er það að segja, að það eru fullkomin ósannindi, að pósthofan hér hafi hringt til mín og spurt um ferðina eða beðið fyrir póst með varðbátinum. Enginn póstmaður spurði mig eins eða annars í því sambandi.“

Í Tímanum 21. þ. m. birtist svo grein um Eyjaferðina, eftir Sigurð Baldvinsson, pósthofastjóra í Reykjavík. Þar segir m. a.:

„Hinn 6. eða 7. þessa mánaðar hringdi Sveinn Björnsson, fulltrúi minn, sem hefir það hlutverk m. a. að fylgjast með skipaferðum, til skrifstofu Skipaútgerðar ríkisins að undangengnu samtali við póstafgreiðslumanninn í Vestmannaeyjum, og spurðist fyrir um skipsferð til Vestmannaeyja. Skrifstofan gat engar upplýsingar gefið. Síðar sama dag náði fulltrúinn tali af Pálma Loftssyni og skýrði honum frá viðtalinu við Vm., en forstjórinn taldi sig ekki vita um neina ferð á næstunni. — Næstu daga var orðrómur á kreiki um væntanlega ferð frá Skipaútgerðinni, og var þá enn hringt frá pósthofunni til skrifstofu Skipaútgerðarinnar og spurzt fyrir, en engar upplýsingar var þar að fá.“

Aftan við grein pósthofastjóra birtist athugasemd frá Pálma Loftssyni. Þar segir m. a.:

„Það var ekki af gleymsku, að pósthofan var ekki látin vita um ferðina, heldur miklu fremur vegna þess, að mér datt ekki í hug, að pósthofan óskaði að senda póstinn með Óðni, þar sem vitað var um ferð Laxfoss einum degi síðar.“

Má segja, að þessi Eyjaferð Óðins sé nú orðin all merkileg — ekki sízt vegna þess, sem á eftir hefir farið.

5 MILLJÓNA KRÓNA INNLENT RÍKISLÁN.

Ríkisstjórnin gaf út bráðabirgðalög í janúarmánuði um heimild til þess að taka 5 milljóna króna innlent ríkislán, í þeim tilgangi, að greiða eftirstöðvar enska lánsins frá 1930.

Lántakan gekk mjög að óskum.

Hins vegar hafa ekki fleiri af lánnum ríkisins erlendis verið laus og því ekki um frekari lánagreiðslur erlendis að ræða að sinni, jafnvel þó að aðstæður væru fyrir hendi.

STERLINGSPUNDIN GEYMD Á ÁBYRGÐ EIGENDA.

Samkvæmt bráðabirgðalögum, sem út voru gef-

in um mánaðamótin jan.—febr., kaupa bankarnir nú aðeins lítinn hluta þess erlendá gjaldeyris, sem til fellur á Englandsmarkaði og skilað er til þeirra, en afgangurinn er lagður á biðreikning í erlendri mynt og geymdur þannig fyrir reikning eigenda gjaldeyrisins og á ábyrgð hans.

Hefir verið skipuð sérstök nefnd til þess að ráðstafa þessum málum, ákveða hversu mikinn hluta bankarnir skuli kaupa og hversu mikið skuli geymt úti á ábyrgð eiganda.

Mun í aðaldráttum við það miðað, að framleiðendur fái yfirfært sem svarar framleiðslukostnaði, en gróðinn geymist.

Orsakir munu aðallega þær, að með því að yfirfæra gjaldeyrinn jafnóðum eykst peningaveltan nú stórlega í landinu, en það hefir aftur, þegar til lengdar lætur, mjög óheppileg áhrif á verðlagið innanlands, bæði á vörum og öðrum verðmætum.

Í lögnum er ráðgert, að með reglugerð verði ákveðið hvernig síðar meir verði heimilt að ráðstafa þessum gjaldeyri og þá, hvenær að því komi, að fært teljist að selja hann bönkunum.

ALÞINGI.

Alþingi kom saman 15. febr., eins og lög gera ráð fyrir.

Enn hafa engin pólitísk stórmál komið opinberlega til kasta þingsins.

Bak við tjöldin hafa tvö stórmál verið til athugunar: Sjálfstæðismálið og skattamálin.

Verður ekki að svo komnu vitað um úrlausn þessara mála til hlítar. Menn greinir á um leiðirnar í sjálfstæðismálunum, þó að ekki sé tilefni til þess að efa, að grundvallarvilji manna sé óskiptur. — Í millipinganefundinni í skattamáli hefir ekki orðið samkomulag, og er margt, sem má gagnrýna, varðandi starfsháttu nefndarinnar og viðleitni til samkomulags, en fulltrúi Sjálfstæðismanna í nefndinni á í þeim efnum enga sök. Miðstjórn og þingflokkur Sjálfstæðismanna munu leggja höfuðkapp á, að á þinginu verði samkomulag um úrlausn þessa máls, enda eðlilegast, eins og nú hagar til um stjórnarsamvinnu almennt. Næg skilyrði til samkomulags ættu líka bersýnilega að vera fyrir hendi, ef einlægni ræður afstöðu manna umfram freistingu þess að láta skammvinna stundarhagsmuni einstakra flokka teila þýðingarmestu þjóðmálum í voða.

Annars mun Miðstjórnin kappkosta að láta trúnaðarmönnum og félögum í té fyllztu upplýsingar um afdrif þessara mála á þinginu, svo sem annarra þingmála yfirleitt, jöfnum höndum og tilefni

gefst. Má því vænta á næstunni til viðbótar við framanskráð yfirlit, frekari greinargerðar um gang þingmálanna eftir því sem ástæður leyfa.

*[Flokksönnum er bent á að halda þessum plög-
um og öðrum hliðstæðum saman. Síðar meir geta
þau reynst handhægar heimildir til að grípa.*

Með flokksveðju,

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins.]

Á ð u r s e n t:

1. Fjármálayfirlit.
2. Utanríkismál.

Tillaga frá Jóni Pálmasyni.

Tillaga til miðstjórnar.

Ef samþykkt verður: að fram fari prófkosningar til undirbúnings alþingiskosningum í einhverju kjördæmi, þá er það því aðeins heimilt, að slík prófkosning fari fram á almennum flokksfundi, er sé rækilega auglýstur fyrir fram.

Ef réttara þykir: að slík prófkosning fari fram á fleiri stöðum en einum innan sama kjördæmis, eins og líklegt má telja, þá er skylt að það gerist á öllum stöðum á sama degi og um sama leyti dags. Skal þá talning atkvæða fara fram strax að lokinni kosningu á hverjum stað.

529-

Johann 314

geis 130

Magnus 33

Frjögifer 17

9

5

5

1

1

1

1

1

1

1

109

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hefur óskað eftir, að við undirritaðir segðum til um, hvað væri hæfilegt söliverð í dag á fasteigninni nr. 2 við Thorvaldsensstræti hér í borg.

Fremri hluti hússins með götunni er gamalt tveggja hæða timburhús, sem er að stærð 13,80 x 11,20 m, eða ca. 155 ferm. gólfplötur hvor hæð. Árið 1946 var gerð viðbygging úr steini við suðurenda hússins, að stærð 4 x 10,50 m, eða 42 ferm., tvær hæðir. Það sama ár var neðri hæðinni í gamla húsinu breytt í sal, eldhús, forstofu fyrir samkomusal svo og toilet, (sem ganga inn í viðbygginguna í suðurenda.) Þá var einnig byggður samkomusalur á allri baklóð hússins út í yztu lóðarmörk að sunnan og vestan og að götulínu að Vallarstræti að norðan. Samkomusalurinn er að gólfleti 20,70 x 17,10 m, eða samtals 354 ferm., en lofthæð mismunandi frá 4,30 m til tæplega 7 m. Öll klæðning og innrétting í samkomusalnum var frá upphafi vönduð, en fyrir fáum árum fóru fram miklar breytingar og endurbætur á salnum og neðri hæð gamla hússins m.a. var sett nýtt parketgólf, nýjar veggklæðningar og ótal margt annað. Nam kostnaður við þessar breytingar rösleglega þrem milljónum króna. Samkomusalurinn, ásamt allri I. hæðinni í gamla húsinu, er í mjög góðu ásigkomulagi og það húsnæði allt mjög vistlegt og vandað. Efri hæðin er einnig í góðu ásigkomulagi og virðist vera vel við haldið. Nánari lýsingu á húsinu teljum við ekki ástæðu til að taka inn í matsgerð þessa.

Við höfum fengið upplýst eftirfarandi:

1. Leigutekjur af samkomusalnum og neðri hæðinni allri eru kr. 65.000,00 á mánuði, eða árlega-----Kr. 780.000,00

2. Sjálfstæðisflokkurinn hefur skrifstofur sínar á II. hæð hússins. Leiga hefur ekki verið reiknuð eftir það húsnæði, en miðað við hliðstætt húsnæði teljum við óhætt að reikna sem lágmarksleigu kr. 12.000,00 á mánuði, eða árlega-----" 144.000,00
Leigutekjur samtals eru því-----Kr. 924.000,00

Lóðin er að stærð 601,8 ferm. Breidd hennar með Thorvaldsensstræti er ca. 20 m, en dýpt hennar um 30 m. Nýtnitala á þeim byggingarreit, sem þessi lóð telst til mun vera samkv. aðalskipulaginu 1,5 í gólfleti móti 1 ferm. í lóð. Hins vegar ber að athuga, að lóð þessi hefur alveg sérstöðu vegna legu sinnar. Stórar byggingar umlykja hana á þrjá vegu, að sunnan Landsímahúsið, að vestan Hótel Vík og norðan byggingar við Austurstræti. Virðist okkur nauðsyn á að stór bygging rísi á lóð þessari, bygging er þeki alla lóðina frá götulínu við Thorvaldsensstræti, sambyggð við Landsímahúsið að sunnan, sambyggð við Hótel Vík að vestan og út í Vallarstræti að væntanlegri húsalínu. Virðist okkur hæð þess þurfa að vera hin sama og er á elstu byggingu Landsímahússins. Annað myndi skapa ósamræmi og skemma heildarsvip byggingarreitsins. Það er því augljóst, að nýtnitalan á þessari lóð á að vera rösklega 3 ferm. í gólfleti móti 1 ferm. í lóð, og nýtnitalan þannig rösklega tvöföld miðað við það, sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir. Við höfum fengið upplýst, að byggingar- og skipulagsyfirvöld eru á sömu skoðun og munu leyfa byggingu, sem verður fjórar hæðir, þó þannig að fjórða hæðin verður inndregin, en heildargólfplötur samtals 2.000 ferm., auk kjallara. Þessar upplýsingar staðfesta einnig, að byggingarnýtnitalan verður ekki undir 3 - þrem -.

Undanfarin ár hafa farið fram mót á mörgum eignum í miðborginni og einmitt eignum á þeim byggingarreit, sem þessi lóð telst til. Samhliða hafa farið fram nokkrar eignasölur t.d. við Thorvaldsensstræti, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Vonarstræti. Matsgerðir þessar og eignasölur gefa mjög góðar upplýsingar um raunverulegt verðmæti eigna á þessu svæði. Hins vegar munu bifreiðastæði ekki að öllu leyti fullnægja kröfum borgaryfirvalda, en við viljum benda á, að auðvelt er að koma bifreiðastæðum fyrir

í kjallara.

Við ákvörðun söluverðs á Thorvaldsensstræti 6 svo og lóða við Kirkjustræti, var fermeterinn reiknaður á kr. 12.150,00 miðað við staðgreiðslu. Þá er okkur kunnugt um hærra lóðarmat við aðal- umferðaræðar í miðborginni. Í öllum mötunum var höfð hliðsjón af staðsetningu, byggingarnýtnitölum, bifreiðastæðum og öðrum atriðum, sem máli skiptu í hverju einstöku tilfelli.

Með tilvísun til framanritaðs teljum við hæfilegt verð vera kr. 18.225,00 fyrir hvern ferm, eða heildarverð lóðar kr. 10.908.000,00.

Brunabótamat hússins er samkv. brunabótaverði kr. 12.000.046,00. Eins og áður segir, er húsið í mjög góðu ásigkomulagi og þarf örugglega ekki að kosta til viðhalds næstu árin, a.m.k. ekki innan- húss. Leigutekjur eru góðar og má gera ráð fyrir að þær verði ekki lakari en nefnt er hér að framan. Höfum við orðið sammála um, að hafa brunabótaverð hússins sem viðmiðun og reikna 57% af því, sem verðmæti hússins, eða kr. 6.840.000,00.

Með tilvísun til framanritaðs er heildarniðurstaða okkar, sem hér segir:

- 1. Lóðarverð samtals-----Kr. 10.908.000,00
- 2. Húsverð-----" 6.840.000,00

Samtals Kr. 17.748.000,00
=====

Reykjavík, 24. janúar 1968,

Antoni Þorláksson *Guðbjörg*

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hefur óskað eftir, að við undirritaðir segðum til um, hvað væri hæfilegt söliverð í dag á fasteigninni nr. 2 við Thorvaldsensstræti hér í borg.

Fremri hluti hússins með götunni er gamalt tveggja hæða timburhús, sem er að stærð 13,80 x 11,20 m, eða ca. 155 ferm. gólfplötur hvor hæð. Árið 1946 var gerð viðbygging úr steini við suðurenda hússins, að stærð 4 x 10,50 m, eða 42 ferm., tvær hæðir. Það sama ár var neðri hæðinni í gamla húsinu breytt í sal, eldhús, forstofu fyrir samkomusal svo og toilet, (sem ganga inn í viðbygginguna í suðurenda.) Þá var einnig byggður samkomusalur á allri baklóð hússins út í yztu lóðarmörk að sunnan og vestan og að götulínu að Vallarstræti að norðan. Samkomusalurinn er að gólfletti 20,70 x 17,10 m, eða samtals 354 ferm., en lofthæð mismunandi frá 4,30 m til tæplega 7 m. Öll klæðning og innrétting í samkomusalnum var frá upphafi vönduð, en fyrir fáum árum fóru fram miklar breytingar og endurbætur á salnum og neðri hæð framhússins m.a. var sett nýtt parketgólf, nýjar veggklæðningar og ótal margt annað. Nam kostnaður við þessar breytingar röskegla þrem milljónum króna. Samkomusalurinn, ásamt allri I. hæðinni í gamla húsinu, er í mjög góðu ásigkomulagi og það húsnæði allt mjög vistlegt og vandað. Efri hæðin er einnig í góðu ásigkomulagi og virðist vera vel við haldið. Nánari lýsingu á húsinu teljum við ekki ástæðu til að taka inn í matsgerð þessa.

Við höfum fengið upplýst eftirfarandi:

1. Leigutekjur af samkomusalnum og neðri hæðinni allri eru kr. 65.000,00 á mánuði, eða árlega-----Kr. 780.000,00

2. Sjálfstæðisflokkurinn hefur skrifstofur sínar á II. hæð hússins. Leiga hefur ekki verið reiknuð eftir það húsnæði, en miðað við hliðstætt húsnæði teljum við óhætt að reikna sem lágmarksleigu kr. 12.000,00 á mánuði, eða árlega-----" 144.000,00
Leigutekjur samtals eru því-----Kr. 924.000,00

Lóðin er að stærð 601,8 ferm. Breidd hennar með Thorvaldsensstræti er ca. 20 m, en dýpt hennar um 30 m. Nýtnitala á þeim byggingarreit, sem þessi lóð telst til mun vera samkv. aðalskipulaginu 1,5 í gólfleti móti 1 ferm. í lóð. Hins vegar ber að athuga, að lóð þessi hefur alveg sérstöðu vegna legu sinnar. Stórar byggingar umlykja hana á þrjá vegu, að sunnan Landsímahúsið, að vestan Hótel Vík og norðan byggingar við Austurstræti. Virðist okkur nauðsyn á að stór bygging rísi á lóð þessari, bygging er þeki alla lóðina frá götulínu við Thorvaldsensstræti, sambyggð við Landsímahúsið að sunnan, sambyggð við Hótel Vík að vestan og út í Vallarstræti að væntanlegri húsalínu. Virðist okkur hæð þess þurfa að vera hin sama og er á elstu byggingu Landsímahússins. Annað myndi skapa ósamræmi og skemma heildarsvip byggingarreitsins. Það er því augljóst, að nýtnitalan á þessari lóð á að vera rösklega 3 ferm. í gólfleti móti 1 ferm. í lóð, og nýtnitalan þannig rösklega tvöföld miðað við það, sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir. Við höfum fengið upplýst, að byggingar- og skipulagsyfirvöld eru á sömu skoðun og munu leyfa byggingu, sem verður fjórar hæðir, þó þannig að fjórða hæðin verður inndregin, en heildargólfplötur samtals 2.000 ferm., auk kjallara. Þessar upplýsingar staðfesta einnig, að byggingarnýtnitalan verður ekki undir 3 - þrem -.

Undanfarin ár hafa farið fram mót á mörgum eignum í miðborginni og einmitt eignum á þeim byggingarreit, sem þessi lóð telst til. Samhliða hafa farið fram nokkrar eignasölur t.d. við Thorvaldsensstræti, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Vonarstræti. Matsgerðir þessar og eignasölur gefa mjög góðar upplýsingar um raunverulegt verðmæti eigna á þessu svæði. Hins vegar munu bifreiðastæði ekki að öllu leyti fullnægja kröfum borgaryfirvalda, en við viljum benda á, að auðvelt er að koma bifreiðastæðum fyrir

í kjallara.

Við ákvörðun söliverðs á Thorvaldsensstræti 6 svo og lóða við Kirkjustræti, var fermeterinn reiknaður á kr. 12.150,00 miðað við staðgreiðslu. Þá er okkur kunnugt um herra lóðarmat við aðal- umferðaræðar í miðborginni. Í öllum mótunum var höfð hliðsjón af staðsetningu, byggingarnýtnitölum, bifreiðastæðum og öðrum atriðum, sem máli skiptu í hverju einstöku tilfalli.

Með tilvísun til framanritaðs teljum við hæfilegt verð vera kr. 18.225,00 fyrir hvern ferm, eða heildarverð lóðar kr. 10.908.000,00.

Brunabótamat hússins er samkv. brunabótaverði kr. 12.000.046,00 Eins og áður segir, er húsið í mjög góðu ásigkomulagi og þarf örugglega ekki að kosta til viðhalds næstu árin, a.m.k. ekki innan- húss. Leigutekjur eru góðar og má gera ráð fyrir að þær verði ekki lakari en nefnt er hér að framan. Höfum við orðið sammála um, að hafa brunabótaverð hússins sem viðmiðun og reikna 57% af því, sem verðmæti hússins, eða kr. 6.840.000,00.

Með tilvísun til framanritaðs er heildarniðurstaða okkar, sem hér segir:

- 1. Lóðarverð samtals-----Kr. 10.908.000,00
- 2. Húsverð-----" 6.840.000,00

Santals Kr. 17.748.000,00

Reykjavík, 24. janúar 1968,

Ant. Þorláksson
Ant. Þorláksson



Frá Skrifstofu Sjálfstæðisflokksins

Reykjavík, 12. september 1969.

stefnunnar um skattamál.

Alunarmálaráðstefnu Sjálf-
stæðisflokksins um álit og tillögum ráð-

Niðurstaða ráðstefnunnar varðandi beina skattlagningu var sú, að enda þótt segja megi, að tekjuskattur og tekjuútsvar samkvæmt núverandi reglum hérlendis sé ekki ósanngjarnt, þá sé óhjákvæmilegt, að verzlunarfyrirtækjum sé gert mögulegt að viðhalda kaupmætti eigin fjármagns. Til að ná þessu takmarki bendir ráðstefnan á þá leið, að heimilað verði að byggja upp birgðavarasjóði, sem gegni því hlutverki að sjá um, að fyrirtækin geti haft nauðsynlegar birgðir til að fullnægja þörfum kaupenda.

Ráðstefnan telur eðlilegt, að afskriftir yrðu miðaðar við endurmatsverð eigna, þar sem því verður við komið, en þar sem fengin reynsla bendir til þess, að erfiðleikar séu á þeirri framkvæmd, bendir ráðstefnan jafnframt á aðrar leiðir til að ná sama marki á þann hátt, að annaðhvort verði heimilað að afskriftir séu hækkaðar árlega til samræmis við vísitöluhækkun verðtryggðra spariskírteina ríkisins, eða að sérstakt álag yrði heimilað af skattayfirvöldum, sem væri miðað við raunverulegar þarfir í þessu efni.

Ráðstefnan bendir á þá hættu, sem felst í óbeinni skattlagningu, þ.e. skattlagningu, sem ekki er heimilað að velta yfir á söluverð vöru og þjónustu, svo sem á sér stað um aðstöðugjöld, landsútsvör, eignarskatta, eignarútsvör, fasteignagjöld o.fl. Bendir ráðstefnan á, að hér sé um að ræða skattlagningu, sem gangi beint til takmörkunar á þeim þróngu verðlagningarákvæðum sem ákveðin hafa verið fyrir verzlunarfyrirtæki nú. Ráðstefnan leggur sérstaka áherslu á það, að heimilað verði, að aðstöðugjöld og landsútsvör verði leyfð til álagningar í verði vöru og þjónustu.

Þá bendir ráðstefnan á nauðsyn þess, að breytt sé reglum um arðgreiðsluheimildir hlutafélaga til samræmis við gildandi reglur um aðra ráðstöfun á sparifé til langs tíma, og að breyting á þessum reglum sé forsenda fyrir auknu fjármagni til atvinnulífsins og aukinni þátttöku almennings í uppbyggingu þess.

Þá taldi ráðstefnan, að eðlilegt hlyti að teljast, að opinberum fyrirtækjum yrði gert að greiða skatta og önnur opinber gjöld á sama hátt og einkafyrirtæki, þannig að beinn samanburður kæmi fram milli þessara rekstrarforma.

Með virðingu,

Önundur Ásgeirsson Halldór Jónsson Hjörtur Hjartarson
(sign) (sign) (sign)

Reykjavík, 12. september 1969.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins,
Laufásvegi 46,
Reykjavík.

Undirrituð nefnd var kosin á verzlunarmálaráðstefnu Sjálfstæðismanna í marz s.l. til þess að skila álitni og tillögum ráðstefnunnar um skattamál.

Niðurstaða ráðstefnunnar varðandi beina skattlagningu var sú, að enda þótt segja megi, að tekjuskattur og tekjuútsvar samkvæmt núverandi reglum hérlandis sé ekki ósanngjarnt, þá sé óhjákvæmilegt, að verzlunarfyrirtækjum sé gert mögulegt að viðhalda kaupmætti eigin fjármagns. Til að ná þessu takmarki bendir ráðstefnan á þá leið, að heimilað verði að byggja upp birgðavarasjóði, sem gegni því hlutverki að sjá um, að fyrirtækin geti haft nauðsynlegar birgðir til að fullnægja þörfum kaupenda.

Ráðstefnan telur eðlilegt, að afskriftir yrðu miðaðar við endurmatsverð eigna, þar sem því verður við komið, en þar sem fengin reynsla bendir til þess, að erfiðleikar séu á þeirri framkvæmd, bendir ráðstefnan jafnframt á aðrar leiðir til að ná sama marki á þann hátt, að annaðhvort verði heimilað að afskriftir séu hækkaðar árlega til samræmis við vísitöluhækkun verðtryggðra spariskírteina ríkisins, eða að sérstakt álag yrði heimilað af skattayfirvöldum, sem væri miðað við raunverulegar þarfir í þessu efni.

Ráðstefnan bendir á þá hættu, sem felst í óbeinni skattlagningu, þ.e. skattlagningu, sem ekki er heimilað að velta yfir á söluverð vöru og þjónustu, svo sem á sér stað um aðstöðugjöld, landsútsvör, eignarskatta, eignarútsvör, fasteignagjöld o.fl. Bendir ráðstefnan á, að hér sé um að ræða skattlagningu, sem gangi beint til takmörkunar á þeim þröngu verðlagningarákvæðum sem ákveðin hafa verið fyrir verzlunarfyrirtæki nú. Ráðstefnan leggur sérstaka áherslu á það, að heimilað verði, að aðstöðugjöld og landsútsvör verði leyfð til álagningar í verði vöru og þjónustu.

Þá bendir ráðstefnan á nauðsyn þess, að breytt sé reglum um arðgreiðsluheimildir hlutafélaga til samræmis við gildandi reglur um aðra ráðstöfun á sparifé til langs tíma, og að breyting á þessum reglum sé forsenda fyrir auknu fjármagni til atvinnulífsins og aukinni þátttöku almennings í uppbyggingu þess.

Þá taldi ráðstefnan, að eðlilegt hlyti að teljast, að opinberum fyrirtækjum yrði gert að greiða skatta og önnur opinber gjöld á sama hátt og einkafyrirtæki, þannig að beinn samanburður kæmi fram milli þessara rekstrarforma.

Með virðingu,

Önundur Ásgeirsson Halldór Jónsson Hjörtur Hjartarson
(sign) (sign) (sign)

VERZLUNARMÁLARÁÐSTEFNA

SJÁLFTÆÐISMANNA

1969

Skattamálatillaga nr. 1

Heimild um birgðavarasjóði.

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna 1969 ályktar, að nauðsynlegt sé, að afla heimildar til skattfrjálsrar uppbyggingar birgðavarasjóða, sem hafi því hlutverki að gegna að viðhalda kaupmætti eigin fjármagns hvers konar verzlunarfyrirtækja.

Telur ráðstefnan, að með tilliti til verðryrnunar fjármagns á árunum 1961 til 1968 megi heimild fyrir skattfrjálsu tillagi til birgðavarasjóða á næstu árum ekki vera lægra en 15% miðað við meðaltal birgða og meðaltal útistandandi skulda vegna vörusölu á viðkomandi rekstrarári.

Skattamálatillaga nr. 2

Heimild til álags á afskriftir.

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna 1969 telur, að þar sem núverandi afskriftaheimildir verzlunarfyrirtækja nægja ekki til að viðhalda fjármagni því, sem bundið er í eignum og tækjum þeirra, sé nauðsynlegt að afla sérstakrar heimildar til álags á afskriftir samkvæmt núverandi afskriftarreglum.

Ráðstefnan bendir sérstaklega á tvær leiðir. Í fyrsta lagi, að árlegar afskriftir samkvæmt núverandi reglugerð séu hækkaðar á sama hátt og gildir um vísitölu verðtryggðra spariskírteina ríkisins, og mælir ráðstefnan sérstaklega með því, að sú leið verði farin. Í öðru lagi kæmi til athugunar að álag þetta miðaðist á annan hátt við verðból þróun í landinu, og væri þá álag þetta ákveðið árlega af skattyfirvöldum.

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna 1969 telur sanngjarnt, að verzlunar- og skrifstofuhúsnæði hlíti sambærilegum reglum og gilda um afskriftir af húsnæði annarra atvinnugreina, svo sem sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar, og að fyrningarreglugerðir verði endurskoðaðar með þetta í huga.

Skattamálalíllaga nr. 3

Aðstöðugjöld og landsútsvör.

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna 1969 ályktar, að brýna nauðsyn beri til þess, að breytt verði fyrirkomulagi aðstöðugjalda og landsútsvara þannig, að leyft verði, að gjöld þessi verði lögð á söluverð vöru og þjónustu. Meðan aðstöðugjöld og landsútsvör eru ekki tekin upp í verðreikninga, er hér um beina skerðingu að ræða á álagningarheimildum verzlunarfélaga, sem nú hafa tvívegis verið skertar í sambandi við gengisfellingarnar 1967 og 1968, og eru gjöld þessi því nú miklu þungbærari en nokkru sinni fyrr.

Ráðstefnan bendir á, að sá möguleiki sé einnig fyrir hendi, að hækkan söluskatts gæti komið í stað niðurfellingar aðstöðugjalda og landsútsvara.

Skattamálalíllaga nr. 4

Arður og arðgreiðsluheimildir hlutafélaga.

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna 1969 telur, að eðlilegt sé, að arðgreiðsluheimild hlutafélaga verði aukin þannig, að leyft verði 10% arðgreiðsla, sem sé skattfrjáls bæði hjá hlutafélögum og hluthöfum og komi á undan núverandi 10% arðgreiðsluheimild. Ráðstefnan telur ennfremur, að hlutafjáreignin sjálf eigi að vera skattfrjáls hjá hluthöfum, þar sem hér er um að ræða hliðstæðu við aðra sparifjármyndun til langs tíma, svo sem skattfrjálsar sparifjárinntæður hjá börnum og sparisjóðum og verðtryggðum spariskirteinum ríkissjóðs o.fl. Ráðstefnan telur að með þessu mótskapist grundvöllur til aukinnar þátttöku almennings í uppbyggingu atvinnulífsins.

Skattamálalíllaga nr. 5

Fasteignagjöld.

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna 1969 varar við þeirri stefnu, að hækka fasteignagjöld óeðlilega. Fasteignagjöldin eru lögð á, án tillits til þess hverjar tæknar viðkomandi fasteign gefur og án tillits til afkomu fyrirtækisins, og er því hér um hliðstæðu að ræða við hina óeðlilegu eignarskatta og eignarútsvör, sem nú eru á lögð. Ráðstefnan bendir á, að tekjur af fasteignum eru þegar nægilega skattlagðar með tekjuskatti og tekjuútsvari.

Skattamálatillaga nr. 6

Afnám eignarskatta og eignarútsvara á félög.

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna 1969 bendir á, að eignarskattar og eignarútsvör á félög eru óvísða innheimt nema hér á landi háðstefnan ályktar að vinna beri að því, að gjöld þessi verði með öllu afnumin af rekstri félaga, enda hafi þau upphaflega verið álögð vegna misskilnings á eðli félagsrekstrar, þar sem gjöld þessi eru álögð án tillits til afkomu félaganna.

Skattamálatillaga nr. 7

Skattlagning opinberra fyrirtækja til jafns við einkarekstur.

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna 1969 telur, að eðlilegt sé, að opinberum fyrirtækjum sé gert skylt að greiða opinber gjöld á sama hátt og gildir um skattgreiðslu einkafyrirtækja, þar sem hin opinberu fyrirtæki svo sem innkaupastofnanir o.fl. hafi margvíslegan beinan samkeppnisrekstur við einkafyrirtækin og njóti því sérstöðu, ef þeim er ekki gert að greiða sömu gjöld og einkafyrirtækjum.

Með þessu móti myndu ríkis- bæjar- og sveitarsjóðir fá sam- bærilegar tekjur af þessaristarfsemi, og koma fram samanburður milli þessara rekstrarforma.

Skattamálatillaga nr. 8

Fyrirhugað staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Innheimtuþóknun.

Verzlunarmálaráðstefna Sjálfstæðismanna 1969 telur æskilegt, að fram fari fjármálaleg athugun á fyrirhuguðu staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, þannig að fram komi áætlun um arðsemi þessara ráð- stafana. Ekki hefur verið upplýst opinberlega, hvað núverandi skattakerfi kosti í framkvæmd og ekki heldur, hvað hið nýja skatta- kerfi muni kosta, hvorki að því er varðar kostnað hjá fyrirtækjunum, sem innheimta eiga gjöldin, né heldur hinu opinbera, sem hefur framkvæmdina og eftirlitið á hendi. Gera verður þá kröfu, að hið nýja og flókna kerfi verði að ná þeim árangri, að kostnaðaraukningin verði innan þeirra takmarka, að hún geti talizt eðlileg frá arðsemis- sjónarmiði.

Þá telur ráðstefnan nauðsynlegt, að kostnaður við innheimtu söluskatts og annarra opinberra gjalda verði endurgreiddur með ákveðinni þóknun, sem miðist við skattfjárhæð.

Reykjavík, 2. september 1969.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins,
Laufásvegi 46,
Reykjavík.

Undirrituð nefnd var kosin á verzlunarmálaráðstefnu Sjálfstæðis-
manna í marz s.l. til þess að skila álit og tillögum ráðstefnunnar
um verðlagsmál. Ráðstefnan taldi nauðsynlegt, að horfið yrði að
fullu og öllu frá hinu þjóðhagslega skaðlega prósentuálagningarkerfi,
sem hér hefur tíðkast, og tekið upp frjálst verðmyndunarkerfi í
líkingu við það, sem lýðræðisþjóðir nágrannalandanna hafa notað með
góðum árangri um langt skeið.

Þetta kerfi miðar að því, að framleiðsluöfl þjóðfélagsins nýtist
sem best með því, að hvetja til samkeppni milli fyrirtækja og skapa
ríkulegt framboð á vörum og þjónustu. Ýmsum aðgerðum er jafnframt
beitt til þess að koma í veg fyrir einokunar- og hringamyndun og aðrar
samkeppnishömlur. Á þennan hátt eru neytendum tryggð hin hagstæðustu
verzlunarkjör.

Á ráðstefnunni var rætt ýtarlega, á hvern hátt verðlagsákvæði,
eins og hér gilda, leiddu til þjóðfélagslega óhagkvæmrar verzlunar,
og voru helztu niðurstöður þessar:

Verðlagsákvæðin

1. leiða til dýrari og smærri innkaupa, og því hærri
flutningskostnaðar en ella.
2. draga úr vöruúrvali og framboði.
3. takmarka þjónustu við neytendur.
4. hindra eðlilega verkaskiptingu milli heildsölu og
smásölu.
5. stuðla að flutningi verzlunarinnar í hendur útlendinga.
6. hindra að verzlunin geti haft í sinni þjónustu vel
þjálfað og gott starfsfólk.
7. leiða til óeðlilegrar fjölgunar smárra verzlana.
8. hafa í för með sér hærra verðlag en vera myndi við
frjálssa samkeppni.

Lögð var áherzla á, að verðlagsákvæðin, sem sett voru í
desember 1967, hafi verið mjög handahófskennd, og að engin hliðsjón
hafi verið höfð af nauðsynlegum kostnaði við innkaup og dreifingu
vörunnar.

Þessi óraunhæfu ákvæði um álagningarprósentur voru enn lækkuð yfirleitt um allt að fjórðungi í nóvember s.l. Það var gert, eins og raunar áður, á þeim alröngu forsendum, að vörusala verzlunarinnar hækkaði í hlutfalli við gengisbreytinguna, en sölumagnið héldist óbreytt, Sölumagnið hefur dregið saman og á sumum sviðum mjög verulega, enda er að því stefnt með gengislækkunum. Jafnframt hefur allur rekstrarkostnaður hækkað mikið. Einna mest vegur hækkun aðstöðugjalds, sem hefur verið óbreytt að hundraðshluta og tekur sífellt stærri skerf álagningarinnar. Við verðlagsákvæðanir hefur ekkert tillit verið tekið til aðstöðugjalds né hækkunar þess.

Við gengislækkanir voru fyrirtækin skylduð til að selja birgðir af erlendum vörum, er þau höfðu greitt, langt undir endurkaupsverði. Fyrirtækin geta því aðeins keypt til endurnýjunar um helming slíkra birgða fyrir ákveðið fjármagn, miðað við aðstæður fyrir rúmu ári.

Hin óraunhæfu verlagsákvæði eiga drjúgan þátt í því, að afkoma verzlunarinnar er nú komin í hræint óefni. Mörg vel rekin fyrirtæki munu innan skamms gefast upp, þjóðinni til mikils tjóns, ef ekki verður tafarlaust tekin upp ný stefna í verðlagsmálum.

Með virðingu,

Sveinn Snorrason	Ragnar Borg	Guðmundur H. Garðarsson
(sign)	(sign)	(sign)

Þessi óraunhæfu ákvæði um álagningarprósentur voru enn lækkuð yfirleitt um allt að fjórðungi í nóvember s.l. Það var gert, eins og raunar áður, á þeim alröngu forsendum, að vörusala verzlunarinnar hækkaði í hlutfalli við gengisbreytinguna, en sölumagnið héldist óbreytt, Sölumagnið hefur dregið saman og á sumum sviðum mjög verulega, enda er að því stefnt með gengislækkunum. Jafnframt hefur allur rekstrarkostnaður hækkað mikið. Einna mest vegur hækkan aðstöðugjalds, sem hefur verið óbreytt að hundraðshluta og tekur sífellt stærri skerf álagningarinnar. Við verðlagsákvarðanir hefur ekkert tillit verið tekið til aðstöðugjalds né hækkanar þess.

Við gengislækkanir voru fyrirtækin skylduð til að selja birgðir af erlendum vörum, er þau höfðu greitt, langt undir endurkaupsverði. Fyrirtækin geta því aðeins keypt til endurnýjunar um helming slíkra birgða fyrir ákveðið fjármagn, miðað við aðstæður fyrir rúmu ári.

Hin óraunhæfu verlagsákvæði eiga drjúgan þátt í því, að afkoma verzlunarinnar er nú komin í hreint óefni. Mörg vel rekin fyrirtæki munu innan skamms gefast upp, þjóðinni til mikils tjóns, ef ekki verður tafarlaust tekin upp ný stefna í verðlagsmálum.

Með virðingu,

Sveinn Snorrason Ragnar Borg Guðmundur H. Garðarsson
(sign) (sign) (sign)

Reykjavík, 24. september 1969.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins,
Laufásvegi 46,
Reykjavík.

Undirrituð nefnd var kosin á verzlunarmálaráðstefnu Sjálfstæðisflokksins í marz s.l. til þess að skila álit og tillögum um fjármál verzlunarfyrirtækja. Ráðstefnan taldi nauðsynlegt, að útlánastarfsemi bankanna markaðist af því, að einkaverzlunin nyti sambærilegrar aðstöðu og aðrar atvinnugreinar, að því er snertir rekstrar- og stofnlán.

Á ráðstefnunni kom greinilega í ljós, að fjárhagsstaða verzlunarfyrirtækja hefur versnað stórlega að undanfögnu. Langvarandi verðbólguþróun, samfara óraunhæfum verðlagsákvæðum, hefur haft þau áhrif, að verzlunin hefur ekki getað myndað eigið fjármagn og því orðið háðari lánsfé en eðlilegt er. Þar til kemur, að fyrirtækin voru skylduð til að selja birgðir langt undir endurkaupsverði að loknum gengisfellingum 1967 og 1968, þannig að þau þurfa yfirleitt tvöfalda fjárupphæð til að halda óskertum birgðum, miðað við aðstæður fyrir gengisfellingarnar. Ráðstefnan taldi höfuðnaðsyn, að fyrirtækjunum yrðu sköpuð skilyrði til myndunar eigin fjármagns með viðeigandi aðgerðum í verðlagsmálum, skattamálum og lánastarfsemi bankanna.

Verzluninni er fyrst og fremst þörf á fjármagni til að koma sér upp nauðsynlegum birgðum, en þær eru víða mjög gloppóttar, og innkaup fara fram í smáum skömmtum og dýrum, oft með ærnum flutningskostnaði. Mörg fyrirtæki búa yfir góðri afkastagetu, sem nýtist illa eins og stendur, og skiptir miklu máli, að sem bezt þjóðhagsleg nýting fái að þessu leyti.

Til þess að ná því marki er nauðsynlegt að kanna við lánveitingar, hvort fyrirtækin séu byggð á traustum grunni og hafi möguleika á að ná góðum árangri, auk þess sem viðunandi tryggingar verði að vera fyrir hendi. Verði slík fyrirtæki aðnjótandi þess fjármagns, sem til ráðstöfunar er, kemur það að hagkvæmstu notum.

Í þessu sambandi er talið nauðsynlegt, að fram fari heildarkönnun á fjárhagsvanda verzlunarinnar, svo að stjórnvöld, bankar og kaupsýslustéttin geti gert sér sem gleggsta grein fyrir vandanum.

Ráðstefnan varaði við þeirri þróun í bankamálum, sem lýsir sér í óeðlilegum og óæskilegum stjórn málaáhrifum, er standa í beinu sambandi við það, að stærstu viðskiptabankarnir eru í ríkiseign.

Ráðstefnan taldi, að vel reknir einkabankar hafi sannað gildi sitt í íslenzku efnahagslífi, og því beri að efla starfsemi þeirra, m.a. með því að veita þeim aðstöðu til alhliða viðskipta.

Að lokum lagði ráðstefnan áherzlu á, að meginvandamál verzlunarfyrirtækja væri, að hin óraunhæfu verðlagsákvæði kæmu í veg fyrir myndun eigin fjármagns, en það er nauðsyn í öllum rekstri. Því þarf að leggja aðaláherzlu á, að núverandi verðlagshöftun verði aflétt.

Þar til því marki er náð, verður nauðsynlegt að veita fyrirtækjunum tímabundna aðstoð í formi lána til þess að forða alvarlegum rekstrartruflunum.

Rekstrarstaða verzlunarinnar í dag er það veik, að ráðstafanir til úrbóta þola enga bið. Því skoraði ráðstefnan eindregið á miðstjórn Sjálfstæðisflokksins að taka vandamál verzlunarinnar föstum tökum og ráða bót á núverandi vanda.

Með virðingu,

Hjörtur Jónsson	Gísli V. Einarsson	Höskuldur Ólafsson
(sign)	(sign)	(sign)